# Úttekt á möguleikum á flutningi einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til landsbyggðarinnar

Nóvember 2000



Pwc

# Efnisyfirlit


**EFNISYFIRLIT** .......... **2**

**YFIRLIT YFIR MYNDIR OG TÖFLUR** .......... **4**

**1 INNGANGUR** .......... **5**

**2 AÐFERÐAFRÆÐI OG VINNUFYRIRKOMULAG** .......... **6**

**2.1 VERKLÝSING** .......... 6
**2.2 VIÐTÖL** .......... 8
**2.3 ÚRVINNSLA** .......... 8

**3 HELSTU TILLÖGUR** .......... **10**

**3.1 EINKALEYFASTOFA (ELS)** .......... 10
**3.2 FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ (FME)** .......... 10
**3.3 IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS (ITÍ)** .......... 11
**3.4 LÖGGILDINGARSTOFA (LS)** .......... 13
**3.5 ORKUSTOFNUN (OS)** .......... 13
**3.6 RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS (RB)** .......... 15
**3.7 SAMKEPPNISSTOFNUN** .......... 15
**3.8 SAMANDREGNAR TILLÖGUR.** .......... 16
*3.8.1 Hugleiðingar um frekari flutning verkefna og stofnana út á land* .......... *17*

**4 GREINING STOFNANA** .......... **19**

**4.1 EINKALEYFASTOFA** .......... 19
*4.1.1 Hlutverk* .......... *19*
*4.1.2 Verkefnagreining* .......... *19*
*4.1.3 Viðskiptavinir Einkaleyfastofu* .......... *19*
*4.1.4 Deildir* .......... *20*
*4.1.5 Upplýsingatæknin* .......... *22*
*4.1.6 Flutningur (Úthýsing)* .......... *22*
*4.1.7 Niðurstöður* .......... *23*
**4.2 FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ** .......... 24
*4.2.1 Hlutverk* .......... *24*
*4.2.2 Verkefnagreining* .......... *24*
*4.2.3 Eftirlitsskyldir aðilar* .......... *25*
*4.2.5 Upplýsingatækni* .......... *26*
*4.2.6 Niðurstöður* .......... *26*
**4.3 IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS** .......... 27
*4.3.1 Hlutverk* .......... *27*
*4.3.2 Verkefnagreining* .......... *27*
*4.3.3 Viðskiptavinir ITÍ* .......... *28*
*4.3.4 Verkaskipting* .......... *29*
*4.3.5. Upplýsingatækni* .......... *31*
*4.3.6 Flutningur (úthýsing)* .......... *32*
*4.3.7 Niðurstöður* .......... *32*
**4.4 LÖGGILDINGARSTOFA** .......... 34
*4.4.1 Hlutverk* .......... *34*
*4.4.2 Verkefnagreining* .......... *34*
*4.4.3 Viðskiptavinir Löggildingarstofu* .......... *35*
*4.4.5 Deildir* .......... *35*
*4.4.6 Upplýsingatækni* .......... *38*
*4.4.7 Flutningur (úthýsing)* .......... *39*
*4.4.8 Niðurstöður* .......... *40*
**4.5 ORKUSTOFNUN** .......... 42
*4.5.1 Hlutverk* .......... *42*
*4.5.2 Verkefnagreining* .......... *42*
*4.5.3 Viðskiptavinir Orkustofnunar* .......... *42*

*4.5.4 Deildir* ... 43
*Orkurannsóknahluti* ... 43
*Orkumálahluti* ... 44
*4.5.6 Upplýsingatækni* ... 46
*4.5.7 Flutningur (úthýsing)* ... 47
*4.5.8 Niðurstöður* ... 47
4.6 RANNSÓKNASTOFNUN BYGGINGARIÐNAÐARINS ... 48
*4.6.1 Hlutverk* ... 48
*4.6.2 Verkefnagreining* ... 48
*4.6.3 Viðskiptavinir* ... 49
*4.6.4 Deildir* ... 49
*4.6.5 Flutningur (úthýsing)* ... 51
*4.6.6 Upplýsingatækni* ... 51
*4.6.7 Niðurstöður* ... 51
4.7 SAMKEPPNISSTOFNUN ... 53
*4.7.1 Hlutverk* ... 53
*4.7.2 Verkefnagreining* ... 53
*4.7.3 Viðskiptavinir Samkeppnisstofnunar* ... 53
*4.7.4 Verkefnasvið* ... 54
*4.7.5 Upplýsingatækni* ... 55
*4.7.6 Flutningur (úthýsing)* ... 56
*4.7.7 Niðurstöður* ... 56

**5 AÐSTÆÐUR TIL VIÐTÖKU VERKEFNA Á LANDSBYGGÐINNI ... 58**

5.1 ORSAKIR BYGGÐARÖSKUNAR OG LEIÐIR TIL ÚRBÓTA ... 58
5.2 REYNSLA AF FLUTNINGI ANNARRA STOFNANA FRÁ REYKJAVÍK ÚT Á LAND ... 60

**6 HEIMILDIR ... 63**

**7 VIÐAUKAR ... 66**

# Yfirlit yfir myndir og töflur

Mynd 2.2 Greining ... 7
Mynd 2.3 Flokkunarlíkan ... 8
Tafla 3.1. Dæmi um aðila á landsbyggðinni sem gætu tekið við verkefnum stofnana ... 17
Mynd 4.1 Skipurit ELS ... 19
Tafla 4.1. Helstu viðskiptavinahópar ELS. ... 19
Mynd 4.2 Yfirlit ELS ... 23
Tafla 4.2 Helstu verkþættir FME ... 24
Tafla 4.3 Eftirlitsskyldir aðilar ... 25
Mynd 4.4 Yfirlit FME ... 26
Tafla 4.4 Verkefni ITÍ. ... 28
Tafla 4.5 Helstu verkefni eftir sviðum. ... 30
Mynd 4.6 Yfirlit ITÍ. ... 33
Tafla 4.6 Yfirlit yfir helstu aðila sem Löggildingarstofa á samskipti við ... 35
Tafla 4.7 Mælifræðideild eftir viðfangsefnum ... 36
Mynd 4.8 Yfirlit LS. ... 41
Tafla 4.8 Starfsemi Orkustofnunar eftir meginmálaflokkum ... 42
Mynd 4.10 Yfirlit OS ... 47
Tafla 4.9. Deildir RB ásamt meginverkefnum ... 48
Mynd 4.12 Yfirlit Rb. ... 52
Tafla 4.10 Starfsemi Samkeppnisstofnunar eftir sviðum. ... 53
Mynd 4.14 Yfirlit Samkeppnisstofnunar ... 57

# 1 Inngangur

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og ráðgjafafyrirtækið PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC) gerðu með sér verksamning um úttekt á 7 stofnunum ráðuneytisins, með tilliti til þess hvort hægt sé að flytja starfsemi þeirra eða einstök verkefni, að hluta til eða í heild, út á landsbyggðina. Stofnanirnar sem um er að ræða eru eftirfarandi:

- Einkaleyfastofa
- Fjármálaeftirlitið
- Iðntæknistofnun Íslands
- Löggildingarstofa
- Orkustofnun
- Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
- Samkeppnisstofnun

Verkefnið er meðal annars liður í því að uppfylla ákvæði þingsályktunartillögu um stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum 1999-2001. Í þingsályktunartillögunni segir meðal annars: **„Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.“** Greining ráðgjafa PwC fólst fyrst og fremst í því að koma auga á þá þætti sem hafa áhrif á að hægt sé að færa verkefni úr stað og telja upp þau tækifæri sem finna má innan hverrar stofnunar. Á þessu stigi er ekki um að ræða hagkvæmnisútreikninga á flutningi einstakra verkefna eða stofnana, enda ekki hægt að gera samanburð á aðstöðu, húsnæði, starfsmannaþörf o.fl. þegar ekki er vitað um umfang flutninga og þá hvar viðkomandi verkefni verður staðsett.

Í þessu skyni hannaði PwC greiningaraðferð sem notuð var til þess að vinna þær niðurstöður sem birtar eru í þessari skýrslu. Greiningin byggir á spurningum og flokkunarlíkani sem gefa til kynna þau verkefni sem hugsanlegt væri að úthýsa í hverri stofnun. Það skal tekið fram að ekki er um tæmandi greiningu eða lýsingu á áðurnefndum stofnunum og takmarkast niðurstöðurnar af þeim tíma sem ráðgjöfum var ætlaður í verkefnið.

Skýrslan er þannig upp byggð að fyrst er gerð grein fyrir aðferðarfræði og vinnufyrirkomulagi sem úttektin byggir á. Síðan eru helstu tillögur um tilfærslu verkefna taldar upp og færð rök fyrir þeim. Þá kemur nákvæm umfjöllun um greiningu hverrar stofnunar fyrir sig þar sem verkefnum og stofnunum er raðað í ákveðið flokkunarlíkan. Að lokum er fjallað um orsakir byggðaröskunar á Íslandi og reynsluna af flutningi stofnana út á landsbyggðina. Í viðaukum er meðal annars að finna upplýsingar um fjölda og bakgrunn starfsmanna og rekstrartölur stofnana.

Varðandi flutning ríkisstofnana út á land er ekki úr vegi að nefna það hér í upphafi skýrslunnar að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur þegar ákveðið að flytja Byggðastofnun í heild sinni til Sauðárkróks. Einnig stendur yfir hagkvæmnisathugun á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrar og flutningi höfuðstöðva RARIK til Akureyrar.

# 2 Aðferðafræði og vinnufyrirkomulag

Gagna- og upplýsingaleit fór fram í formi viðtala, skjalarýni og annarra athugana. Upplýsingum og gögnum var veitt í greiningarramma og flokkunarlíkan sem ákveðið var að styðjast við í samtölum ráðgjafa PwC og starfsmanna stofnananna. Markmiðið var þ ví að greiningin væ ri öðrum þ ræ ði afrakstur samvinnu starfsmanna og ráðgjafa PwC en hinum þ ræ ði hvíldi greiningin á annarri stjórnsýslulegri úttekt sem framkvæ md var með skjalarýni og almennri upplýsingaöflun af ráðgjöfum PwC (sbr. heimildaskrá). Það skal tekið fram að æ skilegt hefði verið að kanna viðhorf viðskiptavina til áðurnefndra stofnana, en verktími og kostnaður leyfðu þ að ekki í þ essari úttekt.

Hlutleysi ráðgjafa PwC felst í þ ví að hanna greiningaraðferð sem nýst gæ ti við greiningu ákveðinna verka sem til greina kemur að vinna utan stofnanna. Viðtölin voru þ annig uppbyggð að greining verka væ ri samvinna ráðgjafanna og starfsmanna stofnananna, sem er eðlilegt þ ar sem starfsmenn stofnananna vita best hvað þ ar fer fram. Hlutverk ráðgjafa PwC fólst þ ví í aðstoða við að skilgreina og leita þ au verk uppi sem hugsanlega er hæ gt að vinna utan stofnunarinnar.

## 2.1 Verklýsing

Greiningarferlið er margþ æ tt en byggir á takmörkuðum fjölda aðferða sem hæ gt er að beita við úttektir sem þ essa. Fjórar aðferðir eru tiltæ kar við greiningu sem þ essa, en þ æ r eru:

- Viðtöl
- Skjalarýni
- Athuganir (observations)
- Spurningakannanir

**Mynd 2.1. Greiningarferli**




Við þ essa úttekt voru fyrstu þ rjár aðferðirnar notaðar til gagna- og upplýsingasöfnunar, en ekki var talið nauðsynlegt að nýta spurningakannanir, þ ar sem svörun er oft af skornum skammti auk þ ess sem þ essi aðferð er seinlegri en hinar sem notaðar voru. Aðferðirnar eru valdar í samræ mi við verksamning milli PwC og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um „Úttekt á hagkvæ mni flutnings einstakra verkefna eða stofnana iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis út á landsbyggðina."

Ræ tt var við við stjórnendur og starfsfólk (millistjórnendur). Viðtölin voru byggð upp með þ að að markmiði að draga fram hugmyndir eða staðreyndir um eðli verkefna sem unnin eru á vegum tiltekins sviðs/deildar innan stofnunar.
Viðtöl miðuðust við gagna- og upplýsingasöfnun varðandi verkefnagreiningu, um viðskiptavini og möguleika á úthýsingu. Mynd 2.1 sýnir ferlið, þ ar sem gagnaöflun er grundvöllur frekari vinnu við greiningu og flokkun. Eins og sést á skýringarmyndinni þ á er samspil milli notkunar greiningarramma og flokkunarlíkans, þ .e., flokkun

samkvæmt flokkunarlíkaninu er byggð á greiningarrömmunum sem endurspeglast í hverju viðtali og annarri heimildavinnu.

Skjalarýni var beitt við gagna- og upplýsingasöfnun vegna kostnaðargreiningar og starfsmannaþátta verksamnings.
Athuganir eru það ferli að kanna umhverfi og aðstæður sem gefa vísbendingar um hvernig frekar megi móta verkferlið og uppfylla tilgang þess og eru því til stuðnings og viðauka við aðrar aðferðir sem voru notaðar.
Greiningarrammanum hefur verið skipt í fernt. Greiningarrammi 1 er heildaryfirlit yfir stofnun með tilliti til tölfræði og yfirbyggingar. Greiningarrammi 2 nær til einstakra deilda/sviða innan stofnunar og er samantekt sem byggist á greiningarramma 3, þar sem einstakar aðgerðir sviða/deilda hafa verið metnar samkvæmt flokkunarlíkaninu. Fjórði ramminn lýtur að samskiptum stofnana og deilda.

**<u>Mynd 2.2</u> Greining**




Flokkunarlíkanið er byggt á áþekku kerfi og því sem Iðntæknistofnun birti í skýrslu um „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni“ árið 1999. Flokkunin er rauður þráður í öllum greiningarrömmum þar sem markmiðið er að kanna og gera grein fyrir verkefnum „opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni”[1]

[1] Þingsályktunartillaga um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001.

**Mynd 2.3 Flokkunarlíkan**




## 2.2 Viðtöl

Þátttakendur: Ræ tt var við forstjóra/forstöðumenn og yfirmenn helstu deilda innan þ eirra sjö stofnana sem heyra undir verksamning PwC og IVR. Fjöldi viðtala eða samtala ráðgjafa við starfsmenn stofnananna var þ ví háður stæ rð stofnunar, stæ rð og fjölda deilda ásamt þ ví að forstjóri hverrar stofnunar lagði til hverjir viðmæ lendur ráðgjafa skyldu vera.
Uppbygging: Viðtölin voru byggð á spurningum og voru fyrirfram skilyrt, þ .e. spurningarnar voru að hluta opnar og að hluta lokaðar. Samtölin byggðust á opnum spurningum en lokuðu spurningarnar voru notaðar til frekari skilgreiningar. Ráðgjafar skráðu svörin hjá sér í samvinnu við fulltrúa stofnunar með vísan í flokkunarlíkanið, en þ að gefur forsendur til greiningar á þ ví hvort hæ gt er að úthýsa verkefnum eða hvort þ au eru bundin við höfuðborgarsvæ ðið með hliðsjón af ýmsum þ áttum.

## 2.3 Úrvinnsla

Lykilatriðið er skilgreining á verkum sem til greina kemur að úthýsa. Síðari hluta slíkrar úrvinnslu verður að vinna á grundvelli þ eirrar skilgreiningar og getu landsbyggðarinnar til að taka við verkefnunum. Það gæ ti verið framhaldsverkefni og/eða verk einstakra sveitarfélaga að biðla til þ eirra verka sem sýnt hefur verið fram á að unnt sé að vinna utan þ eirra stofnana sem nú hýsa og sinna þ eim.
Myndir 2.2. og 2.3 sýna úrvinnslu gagna myndræ nt en markmiðið er að staðsetja verkefni, deildir og stofnanir á flokkunarlíkaninu á grundvelli greiningarrammanna. Þar af leiðandi er texti skýrslunnar rökstuðningur fyrir sérhverri staðsetningu en rökin eru fengin úr viðtölum við starfsmenn og úr annarri heimildavinnu ráðgjafa sem vitnað er til hverju sinni. Forsendur flokkunarinnar miðuðu að þ ví að greina hversu bundin hver stofnun, einstakar deildir eða verkefni eru við núverandi staðsetningu á höfuðborgarsvæ ðinu. Úrvinnsla gagna byggðist á eftirfarandi þ áttum:

- Framboð verkefna deildar/stofnunar
- Helstu verkefni
- Flokkun staðbundinna verkefna deildar/stofnunar
- Úthýsingarmöguleikar
- Núverandi og framtíðarmöguleikar með nýtingu upplýsingatæ kni
- Helstu viðskiptahópar

Hver ofangreindur þ áttur var metinn með tilliti til þ arfa hverrar deildar og stofnunar til að uppfylla hlutverk sitt. Þarfirnar voru metnar með tilliti til tæ kja, tæ kni, mannafla (þ ekkingar og reynslu), húsnæ ðis, staðsetningar og krafna viðskiptavinar.
Þá var kannað hvernig deildir/stofnanir miðluðu þ jónustu sinni til viðskiptahópa með tilliti til heimsókna viðskiptavinarins, vettvangskannana/heimsókna til viðskiptavinar, rafræ nna samskipta, símtæ kja, bréfaskrifta, útgáfu eða annarra þ átta sem tilteknir voru af deild/stofnun.

# 3 Helstu tillögur

## 3.1 Einkaleyfastofa (ELS)

**Tilfærsla verkefna:**
Starfmenn ELS bentu á að starfsemi við skráningu byggðamerkja væri hægt að sinna á landsbyggðinni, án þess að raska annarri starfsemi. Einnig bentu þeir á að athuga mætti með úthýsingu útgáfumála að hluta.

**Ný verkefni:** Fram kom hugmynd um að hægt væri að þjálfa fulltrúa frá Einkaleyfastofu til þess að sinna einkaleyfismálum hjá atvinnuþróunarfélögum úti á landi.

**Tillögur PwC**
Við fyrstu sýn virðist Einkaleifastofa vera bundin við höfuðborgarsvæðið þar sem nálægð við helstu samskiptaaðila er talin mikilvæg. Í viðtölum við starfsmenn kom fram að umsóknir og önnur gögn væru ekki á rafrænu formi og að undirskriftir þyrftu að vera með hefðbundnum hætti. Hins vegar má benda á að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem miðar að lögleiðingu rafrænna undirskrifta og tækni við rafrænar undirskriftir er þegar í notkun víða um heim. Það má því segja að það hafi losnað um þá þætti sem gera starfsemi Einkaleyfastofu staðbundna við höfuðborgarsvæðið. Ef tæknin yrði nýtt til fullnustu þá mælir ekkert gegn því að færa stofnunina út á land í nánustu framtíð.
Þó að verkefni vegna byggðamerkja séu aðeins hluti úr einu stöðugildi starfsmanns þá gæti verið raunhæft að flytja það að því tilskyldu að starfsmaðurinn gæti sinnt hliðstæðum verkefnum frá öðrum stofnunum þannig að um fullt starf yrði að ræða. Þess ber þó að geta að þessu myndi fylgja einhver kostnaður og þjálfun starfsmanns. Ekki er talið vænlegt að starfsmenn atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni sinni einkaleyfismálum, þar sem þau krefjast mikillar sérhæfingar og því fylgdi veruleg starfsþjálfun og kostnaður, en þeir þyrftu sjaldan að svara spurningum um einkaleyfismál. Útgáfumálum má úthýsa að hluta, enda verði það gert samhliða tilfærslu útgáfuverkefna annarra ríkisstofnana sem einnig hafa bent á þennan möguleika og þar með væri kominn grundvöllur fyrir fleiri störfum og tryggari verkefnisstöðu þeirra sem tækju þessi verkefni að sér. Þessi tillaga er einnig í samræmi við niðurstöður sem birtust í skýrslu Iðntæknistofnunar frá 1999: „Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni“, þar sem bent er á þann möguleika að koma upp þjónustuverum á landsbyggðinni sem hefðu umsjón með símsvörun, úthringiþjónustu, þýðingarvinnu, gagnavinnslu og útgáfumálum fyrir opinberar stofnanir. Í þessu sambandi má t.d. benda á að fréttabréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er prentað á Sauðárkróki.

## 3.2 Fjármálaeftirlitið (FME)

**Ekki komu fram neinar hugmyndir** hjá starfsmönnum FME um að hægt væri að sinna einstökum verkefnum á landsbyggðinni. Bent var á að starfsemin er meira og minna háð höfuðborgarsvæðinu vegna nálægðar við viðskiptavini, sem eru eftirlitskyldir aðilar, og fara samskiptin mikið fram með fundum og heimsóknum. Landfræðileg fjarlægð milli stofnunar og viðskiptavina myndi gera FME mjög erfitt um vik að sinna eftirlitsskyldu sinni.

**Tillögur PwC**
Það er mat ráðgjafa að haldbær rök hafi verið færð fyrir því að starfsemi FME sé mjög bundin við höfuðborgarsvæðið. Hins vegar mætti hafa í huga að ef aðrar stofnanir, t.d. Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa, þyrftu á nýjum eftirlitsaðilum að halda úti á landi þá mætti kanna hvort sömu aðilar gætu ekki sinnt eftirliti með fjármálafyrirtækjum á landsbyggðinni. Þau eru um 40 talsins en alls eru um 171 fjármálafyrirtæki á landinu öllu.

## 3.3 Iðntæknistofnun Íslands (ITÍ)

**Tilfærsla verkefna:**
Starfsmenn ITÍ telja að einna helst mætti úthýsa stoðverkefnum eins og útgáfu kynningarefnis, viðhaldi heimasíðu og símavörslu til aðila á landsbyggðinni.

**Ný verkefni:**
Bent var á að Impra, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja, geti náð til alls landsins með uppbyggingu þjónustunets á grunni **útibúa** sem starfa í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin. Að sögn starfsmanna ríkir gagnkvæmur áhugi milli Impru og atvinnuþróunarfélaganna á stofnun útibúa um landið sem starfa í samvinnu við Impru í Reykjavík. Þá er bent á að ráðuneytið hafi lýst yfir vilja til að útfæra hugmynd um „útibúavæðingu“ Impru í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin þar sem hvert útibú væri fjárhagslega sjálfstætt. Í kjölfar slíkrar þróunar gætu atvinnuþróunarfélögin sett á fót frumkvöðlasetur í heimabyggð. Á þennan hátt er talið að starfsemi Impru sé best fyrir komið og geti þannig þjónað landsbyggðinni á árangursríkari hátt.

**Tillögur PwC**
Full ástæða er til þess að athuga möguleika og kostnað við að úthýsa þeim stoðverkefnum (útgáfu, símavörslu o.fl.) sem nefnd eru hér að framan, enda væri það gert í samhengi við samsvarandi verkefni annarra stofnana. Til þess að styrkja þessa starfsemi er einnig gagnlegt að kanna möguleika á að færa fræðsludeild ITÍ út á land, þar sem sú starfsemi er ekki staðbundin í eðli sínu og erfiðleikar hafa verið við að útvega húsnæði fyrir kennslu og námskeiðahald. Víða á landsbyggðinni er til gott kennsluhúsnæði sem er illa nýtt í dag. Til þess að nýta sérfræðinga ITÍ áfram til kennslu væri e.t.v. skynsamlegt að starfseminn verði nálægt höfuðborgarsvæðinu, t.d. á Suðurnesjum, Vesturlandi eða Suðurlandi. Það verður hins vegar að hafa það í huga að viðskiptavinir fræðsludeildar eru langflestir á höfuðborgarsvæðinu og dregur það nokkuð úr möguleikum á flutningi.
Í ljósi þess að Impra hefur meðal annars það hlutverk að efla nýsköpun og frumkvöðla á landsbyggðinni þá er lagt til að kannað verði hvort unnt væri að færa þennan hluta ITÍ á landsbyggðina. Um 40% af viðskiptavinum Impru eru úti á landi og tilfærsla af þessu tagi myndi mjög líklega virka sem vítamínsprauta á atvinnulífið á landsbyggðinni og þá sérstaklega á því svæði sem fyrir valinu yrði. Einnig væri hægt að stofna sjálfstæð útibú Impru eða frumkvöðlasetur í samvinnu við atvinnuþróunarfélög í öllum landshlutum eins og starfsmenn ITÍ hafa bent á. Af fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við starfsmenn ITÍ má álykta að starfsemi Impru sé aðeins að hluta bundin við höfuðborgarsvæðið og aðra starfsemi ITÍ. Almenn upplýsingamiðlun og ráðgjöf á sviði atvinnurekstrar og Evrópumála og umsýsla vegna styrkja og átaksverkefna á vegum Nýsköpunarsjóðs og ITÍ, geta varla talist staðbundin við höfuðborgarsvæðið. Hins vegar má benda á að rekstur núverandi

frumkvöðlaseturs í Reykjavík hefur skilað miklum árangri og að mestu nýst sprotafyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig væri hægt að nota þessa reynslu sem fyrirmynd við að koma á fót frumkvöðlasetrum úti á landi og þjálfa upp nýja starfsmenn eða færa til hluta þeirra sem nú starfa hjá Impru.
Þegar hlutverk og starfsemi Impru eru borin saman við Byggðastofnun þá kemur ýmislegt sameiginlegt í ljós, þar sem báðar stofnanir hafa meðal annars það hlutverk að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu og treysta byggð. Byggðastofnun hefur umsjón með starfi atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og veitir þeim bæði ráðgjöf og stuðning líkt og Impra. Atvinnuþróunarfélögin veita síðan fyrirtækjum á landsbyggðinni ýmsa ráðgjöf, aðstoða við undirbúning umsókna, standa fyrir námskeiðahaldi, t.d. um stofnun fyrirtækja, og vinna að atvinnuþróunarverkefnum svipuðum þeim sem Impra stendur fyrir. Þá veitir Byggðastofnun styrki til nýsköpunar, t.d. varðandi vöruþróun, markaðssetningu, ferðaþjónustu og útflutning, sem svipar mjög til þeirra styrkja og fjármögnunarverkefna sem Impra hefur umsjón með í samvinnu við Nýsköpunarsjóð.
Það kæmi því alveg til greina að kanna forsendur fyrir sameiningu upplýsinga- og ráðgjafahluta Impru og Byggðastofnunar, en einnig að athuga aðra kosti eins og t.d.nána samvinnu við menntastofnun á háskólastigi þannig að fagleg þekking gæti nýst varðandi mat á umsóknum og ráðgjöf út í atvinnulífið.
Hér skal þó bent á að menntunar- og sérfræðistig starfsmanna er nokkuð hátt, bæði hjá Impru og fræðsludeild, og erfitt er um það að segja hvort starfsmenn geti hugsað sér að flytja með stofnuninni ef af yrði. Menntun starfsmanna er hins vegar mjög fjölbreytt og ekki annað að sjá en að fólk með ólíkan bakgrunn geti sinnt þeim störfum sem unnin eru við deildina.
Einnig er nauðsynlegt að minnast hér á umræðuna um sameiningu stofnana innan stoðkerfis atvinnulífsins á Íslandi, sem starfsmenn ITÍ og margra annarra stofnanna ræddu um í viðtölum við ráðgjafa PwC. Með stoðkerfi er átt við allar stofnanir sem stunda rannsóknir og þróunarstarf og veita ráðgjöf og fjármagna framfaraverkefni í atvinnulífinu, en þetta eru meðal annars ITÍ, RB, RALA, RF, Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun, Veiðimálastofnun, Skógrækt ríkisins, Hollustuvernd, Náttúrufræðistofnun, Byggðastofnun, RANNÍS og Útflutningsráð. Ástæða er til að kanna í fullri alvöru hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi, en frumvinna á þessu sviði fór fram á vegum RANNÍS 1998-1999 að beiðni menntmálaráðherra. Niðurstöður er að finna í skýrslu RANNÍS sem nefnist „Samstarf til sóknar“[2], og eru dregnar upp nokkrar áhugaverðar tillögur, sem meðal annars beinast að því að treysta atvinnulífið á landsbyggðinni. Þar segir meðal annars að gera þurfi „ráð fyrir að starfsmenn stofnana yrðu í umtalsverðum mæli staðsettir á völdum stöðum á landsbyggðinni, - „**byggðasetrum**“ þar sem starfsemin byggðist á þörfum eða aðstæðum viðkomandi svæðis til rannsókna. Jafnframt yrði hver stofnun að móta sína byggðastefnu...“.[3] Að lokum skal vitnað til og tekið undir stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar þar sem markmið hennar eru meðal annars sögð vera að „vinna áfram að nýskipan í ríkisrekstri, m.a. með auknum útboðum, sameiningu stofnana,... endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra, þar sem hliðsjón verði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.[4] Heildar endurskipulagning stoðkerfisins gæti e.t.v. auðveldað flutning jafnt núverandi sem nýrrar starfsemi að hluta eða í heild út á land.

[2] Sjá RANNÍS, “*Samstarf til sóknar*”, desember 1999. Tillögur menntamálaráðherra um aukið samstarf rannsóknastofnana.
[3] Sjá sömu heimild bls. 6.
[4] Ríkisstjórn Íslands, maí 1999, *“Í fremstu röð á nýrri öld – Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks”*,bls. 2.

## 3.4 Löggildingarstofa (LS)

**Tilfærsla verkefna:**
Lagt er til af starfsmönnum LS að varðveisla landsmæligrunna verði flutt af höfuðborgarsvæðinu út á land, þar sem starfsemin krefst stöðugleika í ytra umhverfi, og má ekki við neinum breytingum t.d. vegna, veðurs, skjálfta eða loftþrýstings. Varðveislan krefst sérhannaðs húsnæðis og þar sem flutningar eru fyrirhugaðir þá er eðlilegt að kanna möguleika á staðsetningu utan höfuðborgarinnar.
Löggildingu vigtarmanna væri hægt að færa frá stofnuninni til menntastofnunar sem fengi leyfi til slíkrar löggildingar. Hér er þó aðeins um þriðjung úr stöðugildi að ræða. Gerð og túlkun reglna hjá rafmagnsöryggisdeild er ekki staðbundin og því hægt að færa til einkaaðila eða menntastofnunar, sem gæti verið úti á landi.

**Tillögur PwC**
Full ástæða er til að kanna betur möguleika og kostnað við að flytja varðveislu landsmæligrunns út á land, þar sem það er beinlínis talið æskilegt og þar sem flutningar og framkvæmdir við nýtt húsnæði standa fyrir dyrum.
Áhugavert er að athuga hvort einhver menntastofnun á landsbyggðinni hefði áhuga á að taka við námskeiðum vegna löggildingar vigtarmanna. Þó aðeins sé um hluta úr stöðugildi að ræða, þá gæti sá möguleiki verið fyrir hendi að sama menntastofnun tæki að sér gerð og túlkun reglna fyrir Löggildingarstofu og e.t.v. má finna sambærileg verkefni á sviði eftirlits, vottunar og túlkunar hjá öðrum stofnunum. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að störf sem þessi mætti hýsa hjá útibúi(um) Vinnueftirlitsins á landsbyggðinni.
Það skal einnig tekið fram að starfsmenn Löggildingarstofu bentu á fjölmarga aðra möguleika á úthýsingu eða tilfærslu verkefna sem e.t.v. væri eðlilegt að aðrar stofnanir eða einkaaðilar sinntu, en eru hins vegar meira og minna bundin við höfuðborgarsvæðið. Um það verður fjallað í Viðauka A.

## 3.5 Orkustofnun (OS)

**Tilfærsla stofnunar:**
Stærsti hlutinn af viðskiptum Orkustofnunar er við fyrirtæki og stofnanir á Suðvesturlandi. Að auki eru umsvif stofnunarinnar talsverð á hálendi landsins og víða á landsbyggðinni. Þannig er ekki hægt að segja að starfsemin sé fremur háð höfuðborgarsvæðinu en öðrum landshlutum. Hins vegar verður að hafa það í huga að menntunarstig og sérþekking starfsmanna er óvenju hátt. Flutningur allrar stofnunarinnar út fyrir höfuðborgarsvæðið er því örðugleikum bundinn og yrði að ganga úr skugga um að sem flestir starfsmenn flyttust með henni, þar sem langan tíma tæki að byggja upp, utan höfuðborgarsvæðisins, þann þekkingarkjarna á sviði orkumála sem starfsemin byggir á.

**Tilfærsla deilda og verkefna:**
Megin einingar Orkustofnunar starfa nú þegar mjög sjálfstætt og er orkumálahlutinn óháður orkurannsóknarhlutanum. Rannsóknarhlutinn starfar á forsendum markaðarins og aflar eigin tekna með útseldri vinnu. Þessum hluta mætti því breyta í hlutafélag, einkavæða eða úthýsa beint til starfandi fyrirtækja (á sviði orkumála, verkfræði og ráðgjafar), hvort sem væri á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu. Í þessu sambandi er vert að benda á að unnið er að tillögum um framtíðarskipulag

raforkuflutnings og í kjölfarið mun frumvarp um ný raforkulög líta dagsins ljós. Þar er meðal annars tekið mið af tilskipun ESB á þessu sviði, þar sem markmiðið er meðal annars að aðgreina samkeppnisþættina (vinnslu og sölu) frá sérleyfisþáttunum (flutningi og dreifingu) þar sem erfitt er að koma við samkeppni.[5] Það má því búast við að miklar breytingar verði á orkumarkaði hér á landi og því ekki ólíklegt að einhver endurskipulagning fari fram samhliða því í stjórnsýslu orkumála.
Með breyttum orkulögum kann að verða gengið enn lengra í þessum aðskilnaði enda mun koma til álita að færa í auknum mæli stjórnssýslu- og eftirlitsverkefni til orkumálahlutans í nýrri skipan orkumála. Með þetta í huga ætti að vera mögulegt að reka einstaka hluta stofnunarinnar á ólíkum stöðum. Miðað við hlutverk og starfsemi eininga stofnunarinnar virðist þá vænlegast að flytja Vatnamælingarnar. Á hitt verður þó að líta að starfsemi Vatnamælinga er mjög sérhæfð og menntunar- og sérþekkingstig starfsmanna hátt. Flyttust þeir ekki með einingunni er líklegt að það muni taka langan tíma að manna hana á ný. Á hinn bóginn ætti að vera auðvelt og skynsamlegt að efla útibú Vatnamælinga á Egilsstöðum og jafnvel færa meira af verkefnum Vatnamælinganna út á land. Eins og fyrr segir mun orkumálahluti Orkustofnunar væntanlega fá ný eða aukin verkefni. Það leiðir trúlega til þess að starfsemina þurfi að stokka upp. Þar með gætu verið forsendur fyrir uppbyggingu starfseminnar utan höfuðborgarsvæðisins að hluta til eða í heild, en þó ber að taka fram að einingunni er ætlað að starfa náið með iðnaðarráðuneytinu og ýmsum öðrum stofnunum sem nú eru á höfuðborgarsvæðinu, þannig að staðsetning utan þess gæti reynst örðugleikum bundin.
Útgáfumál OS eru einnig dæmi um verkefni sem mætti færa út fyrir stofnunina og að auki framhaldsúrvinnsla gagna og viðhald gagnagrunna.

**Tillögur PwC**

Skynsamlegast er að bíða eftir nýjum orkulögum og miða endurskipulagningu stofnunarinnar við þær kröfur og þarfir sem þar munu koma fram. Ef ástæða þykir til að aðskilja t.d. orkumálahluta og orkurannsóknahluta, þá gefst greinilega tækifæri til að staðsetja einstakar einingar eins og t.d. Vatnamælingar á landsbyggðinni og efla t.d. þá starfsemi sem Orkustofnun er þegar með á Egilsstöðum og Akureyri.
Erfitt er um það að spá hversu mörg störf væri hægt að flytja frá höfuðboragrsvæðinu og út á land, þar sem mörgum spurningum er ósvarað um framtíðarskipulag Orkustofnunar og stjórnsýslu orkumála almennt. Hjá Vatnamælingum starfa nú22 fastráðnir starfsmenn auk 18 lausráðinna starfsmanna sem eru verkefnaráðnir.
Hjá orkumálahluta, yfirstjórn og sameiginlegri skrifstofu eru 26,8 stöðugildi, en hafa ber í huga að menntunar- og sérfræðistig þeirra er mjög hátt. Eftir því sem næst verður komist eru a.m.k. 80% starfsmanna með háskólamenntun og þar af margir með doktorspróf. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort svo hátt menntunarstig sé nauðsynlegt til að sinna þeim verkefnum sem orkumálahlutanum er ætlað. Ef til flutnings kæmi er mjög mikilvægt að velja staðsetningu með þeim hætti að sem flestir starfsmenn flyttust með stofnuninni.
Að auki er lagt til að Orkustofnun leitist við að úthýsa ýmsum stoðverkefnum í samræmi við aðrar stofnanir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Þar er m.a. átt við úrvinnslu gagna, viðhald gagnagrunna og útgáfumál, en hluta af þessum verkefnum hefur ekki verið hægt að sinna á OS vegna anna við önnur verkefni.

[5] Fréttabréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, maí 2000.

## 3.6 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (Rb)

**Tilfærsla verkefna:**
Að mati starfsmanna RB er sá möguleiki fyrir hendi að úthýsa mætti útgáfumálum og fræðslumálum stofnunarinnar.

**Tillögur PwC**
Ástæða er til að kanna betur möguleika og kostnað við að úthýsa útgáfu- og fræðslumálum, enda verði það gert samhliða tilfærslu samsvarandi verkefna annarra ríkisstofnanna eins og nefnt hefur verið hér að framan.
Verkefni Rb eru að hluta bundin höfuðborgarsvæðinu. Taka verður tillit til þess að stofnunin þarf á nokkrum tækjum og sérhönnuðu húsnæði að halda sem nú er bundið við Keldnaholt. Flutningur RB yrði því að öllum líkindum nokkuð kostnaðarsamur, en á móti kæmi væntanlega sala eigna á góðum stað á höfuðborgarsvæðinu. Menntunar- og sérfræðistig starfsmanna er mjög hátt. Að minnsta kosti 60% starfsmanna hafa háskólamenntun og þar af flestir á sviði verkfræði og raunvísinda.
Áður hefur verið minnst á umræður um sameiningu rannsóknastofnana atvinnuveganna og því er sérstök ástæða til að kanna hagkvæmni þess að sameina RB og Efnis- og umhverfistæknisvið Iðntæknistofnunar, þar sem svipuð starfsemi virðist fara þar fram. Um er að ræða rannsóknir, greiningar, eftirlit og ráðgjöf varðandi notkun á steinsteypu, jarðefnum og lagnaefnum hjá RB en varðandi notkun á málmum, keramiki, plastefnum og fleiri efnum hjá ITÍ. Ef af slíkri sameiningu gæti orðið má ætla að hluti starfseminnar gæti flust út á land, en erfitt er um það að segja hvað það gætu orðið mörg störf.

## 3.7 Samkeppnisstofnun

**Tilfærsla verkefna:**
Í samtölum við starfsmenn Samkeppnisstofnunar komu fram ýmsir möguleikar á að vinna verkefni úti á landi eins og til dæmis útgáfu, úrvinnslu gagna, eftirlit með útgáfu auglýsingabæklinga, auglýsingum í landsmálablöðum og eftirlit með auglýsingum á internetinu. Þá hafa verið misbrestir á eftirliti með samkeppnisháttum á landsbyggðinni almennt. Stofnunin hefur gert samninga við aðila utan höfuðborgarsvæðisins um þýðingarvinnu sem hefur verið að aukast.

**Tillögur PwC**
Kanna þyrfti hagkvæmni þess að stofna lítið útibú stofnunarinnar á landsbyggðinni sem hefði með höndum eftirlit með auglýsingum í landsmálablöðum, auglýsingum á internetinu, auglýsingabæklingum, útgáfumálum, verðkannanir á landsbyggðinni og sinnti einnig öðrum tilfallandi verkefnum Samkeppnisstofnunar. Það skal hins vegar tekið fram að áðurnefndum verkefnum er lítið eða ekkert sinnt hjá stofnuninni í dag þar sem fjárveitingar hafa ekki dugað til þess að sinna öllum lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Það er því ljóst að koma þarf til viðbótarfjárveiting eða áherslubreyting í forgangsröðun stofnunar til þess að unnt verði að færa þessi verkefni út á landsbyggðina. Viðkomandi útibú gæti þá einnig tekið við eftirliti með auglýsingum í öllum fjölmiðlum, dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, enda slík vinna ekki bundin við höfuðborgarsvæðið nema að takmörkuðu leiti. Einnig gæti hugsast að úthýsa þessum verkefnum til starfandi fyrirtækja á landsbyggðinni, ef það stríðir ekki gegn lögum og siðferði.

Hvað þýðingarvinnu snertir má nefna þann möguleika að nýta Túlkaþjónustu nýbúa sem hægt hefur verið að fá í gegnum Upplýsingaþjónustu nýbúa í Reykjavík. Á landsbyggðinni eru víða stórir hópar nýbúa og meðal þeirra er fólk sem hefur hæfileika í að túlka og þýða á milli tungumála. Þetta fólk mætti virkja í þessa vinnu þar sem þörf er á og því verður við komið, en halda verður í heiðri samkeppnislög og kröfur um löggilta skjalaþýðendur.
Hafa skal í huga að hér er að hluta um lögbundið eftirlit á landsbyggðinni að ræða þannig að einnig má líta á þessa tillögu sem réttlætismál fyrir landsbyggðina. Benda má á að niðurstöður rannsókna á búferlaflutningum gefa til kynna að vöruúrval og verðlag í heimabyggð skiptir verulegu máli í hugum fólks þegar það nefnir ástæður fyrir brottflutningi af landsbyggðinni.[6] Samkvæmt þessu má álykta að lögbundið verðlagseftirlit á landsbyggðinni sé mjög mikilvægt í því augnamiði að draga úr fólksflótta og fjölgun íbúa.

## 3.8 Samandregnar tillögur.

Það er ávallt spurning hvar mörkin eigi að liggja varðandi tilfærslu einstakra stofnana eða verkefna út á land. Hér eru dregnar saman þær tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið eftir því hversu langt þær ganga eða hversu róttækar þær eru:

A. **Hugmyndir og tillögur sem fram komu í viðtölum við starfsmenn þeirra stofnana sem þátt tóku í verkefninu.**

   **Verkefni:** Starfsmenn flestra stofnana bentu á að hægt væri að úthýsa ýmsum stoðverkefnum, eins og símavörslu, úthringingum, þýðingum, útgáfu- og kynningarmálum, gagnaskráningu, úrvinnslu og viðhaldi gagnagrunna, án þess að það hefði áhrif á starfsemi stofnana.

   Margir bentu á að nauðsynlegt eða gagnlegt væri að stofna útibú á landsbyggðinni til að færa þjónustuna nær viðskiptavinum þar auk þess sem ýmis verkefni væru bundin við landsbyggðina.

   Nokkrir bentu á verkefni sem betur mætti sinna á landsbyggðinni eða möguleika á tilfærslu verkefna á sviði eftirlits, mælinga og fræðslumála.

B. **Hugmyndir starfsmanna stofnana ásamt tillögum ráðgjafa PwC að teknu tilliti til reynslu af flutningi annarra stofnana út á land.**

   **Verkefni:** Símaþjónustu, útgáfu- og kynningarmálum, viðhaldi heimasíðna og gagnagrunna, gagnavinnslu og þýðingarvinnu allra stofnana sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, verði úthýst til einnar eða fleiri stofnana eða fyrirtækja á landsbyggðinni, þar sem því verður viðkomið.

   Kannað verði í hve miklum mæli menntastofnanir á háskólastigi og framhaldsskólar á landsbyggðinni geta tekið að sér námskeiðahald fyrir opinberar stofnanir, eins og í tilfelli ITÍ og Löggildingarstofu sem nefnt hefur verið hér að framan.

[6] Sbr. Stefán Ólafsson, 1997, *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferla*, www.bygg.is (04.10.2000)

**<u>Tafla 3.1.</u> Dæmi um aðila á landsbyggðinni sem gætu tekið við verkefnum stofnana**

| Flokkun | Stofnanir/sveitarfélög | Fyrirtæki | Samtök |
|---|---|---|---|
| Útgáfa<br>Upplýsingatækni<br>Eftirlit<br>Námskeið/<br>fræðsla | Skattstofur<br>Vinnueftirlit<br>Vinnumálastofnun<br>Útibú (t.d. OS)<br>Menntastofnanir | Útgáfufyrirtæki<br>Fjarvinnslufyrirtæki<br>Ráðgjafafyrirtæki<br>Upplýsingatækni og fjarfundabúnaður<br>Löggiltir þýðendur | Atvinnuþróunarfélög<br>Neytendasamtök<br>Nýbúamiðstöð |

Athugað verði hvaða eftirlitsstofnanir á landsbyggðinni, einstök útibú eða fyrirtæki geti tekið við ýmsum eftirlits-, prófunar- og mælingaverkefnum fyrir stofnanir á höfuðborgarsvæðinu, t.d. Löggildingarstofu, Fjármálaeftirlit, Samkeppnisstofnun, Iðntæknistofnun og Orkustofnun. Til dæmis mætti hugsa sér að skattstofur og neytendasamtök taki að sér fjármála-, verðlags- og auglýsingaeftirlit, útibú Vinnueftirlits og Vinnumálastofnunar gætu tekið að sér ýmis verkefni fyrir Löggildingarstofu og fleiri aðila og efla mætti þau útibú eða það samstarf sem Orkustofnun og Iðntæknistofnun hafa á landsbyggðinni. Einnig er lagt til að leitað verði til fyrirtækja, atvinnuþróunarfélaga og einstaklinga á landsbyggðinni sem hafa burði og vilja til þess að taka við áðurnefndum verkefnum.

Lagt er til að gerð verði hagkvæmnisathugun á því að flytja starfsemi Einkaleyfastofu út á land. Þá er ástæða til að kanna hagkvæmni þess að flytja Vatnamælingar og e.t.v. fleiri einingar Orkustofnunar út á land, enda verði það gert í samræmi við ný orkulög og hugsanlega endurskipulagningu í stjórnsýslu orkumála. Ennfremur er lagt til að kanna hagkvæmni þess að flytja hluta Impru og fræðslu- og ráðgjafadeild ITÍ út á land.

## 3.8.1 Hugleiðingar um frekari flutning verkefna og stofnana út á land

Vert er að skoða frekar ýmsar þær hugmyndir sem áður hafa verið settar fram um endurskipurlagningu stoðkerfis atvinnulífsins með tilheyrandi sameiningu rannsóknastofnana atvinnuveganna og fleiri stofnana, sem tilheyra mörgum ráðuneytum. Eins og áður hefur komið fram þá hefur þessi umræða verið lengi í gangi og er hún í fullu samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar um sameiningu stofnana og ráðuneyta[7]. Slík endurskipulagning gæti tekið til eftirtalinna stofnanna: ITÍ, RB, RALA, RF, Hafrannsóknastofnunar, Orkustofnunar, Veiðimálastofnunar, Skógræktar ríkisins, Veðurstofunnar, Hollustuverndar, Náttúrufræðistofnunar, Byggðastofnunar, Rannsóknarráðs, Útflutningsráðs, háskólastofnanna og fleiri stofnana, sjóða og félaga, sem saman mynda stuðnings- og þjónustuumhverfi nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar. Niðurstöður könnunar um samstarf þessara stofnana sýnir að þegar er fyrir hendi mikið formlegt samstarf, samnýting starfsfólks og mikill áhugi á frekara samstarfi[8].
Við vörpum því fram hér til umhugsunar að úr öllum þessum stofnunum væru myndaðar 4-5 nýjar einingar sem tækju tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið og

[7] Ríkisstjórn Íslands, maí 1999, *"Í fremstu röð á nýrri öld – Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks"*,bls. 2.
[8] Halldór Jónsson, desember 1999, "*Samstarf rannsóknastofnana – Niðurstöður könnunar*". Hluti af skýrslu RANNIS, *Samstarf til sóknar.*

munu verða í starfsumhverfi og samkeppnisþáttum í íslensku atvinnulífi, með faglegar áherslur á eftirfarandi sviðum:

**Matvælaiðnaður og líftækni**
- Sjávarútvegur og fiskvinnsla
- Landbúnaður
- Líftækni til iðnaðar

**Þekkingariðnaður og þróunarmál**
- Upplýsinga- og fjarskiptatækni
- Heilbrigðistækni
- Markaðsmál og viðskipti
- Byggðaþróun

**Orkumál og stóriðja**
- Nýting vatnsafls og jarðvarma
- Orkurannsóknir
- Stóriðja

**Umhverfismál**
- Auðlindir hafsins (hafrannsóknir)
- Auðlindir á landi
- Umhverfis-, loftlags og veður rannsóknir

Endurskipulagning af þessu tagi gæti verið aðlögun að þeim breytingum sem hafa átt sér stað í atvinnulífinu og hagkerfinu undanfarin ár og áratugi. Hið nýja stoðkerfi yrði meira í takt við nútímann og nýjar faglegar einingar ættu að hafa alla burði til að bæta þjónustu og skilvirkni stofnana miðað við núverandi kerfi. Þar að auki gæfust ný tækifæri á að færa einingar og verkefni út á land og með nútímatækni er ekkert því til fyrirstöðu að ákveðnar fageiningar væru á fleirum en einum stað á landinu. Greina þyrfti ákveðna þekkingar- og atvinnukjarna á landsbyggðinni með það að markmiði að staðsetja hluta af ofangreindum fageiningum (stofnunum) þar.
Forsendan fyrir því að slíkt sé framkvæmanlegt er að gerðar verði ítarlegar staðarvals- og hagkvæmniathuganir þar sem athugaðir verða þættir eins og samsetning atvinnulífs og þekkingar á viðkomandi svæði, samgöngur og fjarskipti, félagsleg aðstaða, auk hagkvæmni vegna flutninga þar sem m.a. verður að horfa á aðstöðu-, launa og flutningskostnað og áhrif flutninga á tekjumyndun viðkomandi stofnunar. Slíkar athuganir þyrfti reyndar að gera vegna flutnings stofnana almennt út á land.

# 4 Greining stofnana

## 4.1 Einkaleyfastofa

### 4.1.1 Hlutverk

Hlutverk Einkaleyfastofu (ELS) er „að fara með málefni einkaleyfa, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæ ð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglum og alþ jóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.“[9] Einnig að veita einstaklingum, stofnunum og fyrirtæ kjum ráðgjöf vegna hugverkaréttinda og stuðla að aðgengi almennings að nýrri tæ kni og þ ekkingu. Hjá ELS vinna átján starfsmenn.

### 4.1.2 Verkefnagreining

Kaflinn um verkefnagreiningu er samantekt viðtala við þ á tvo starfsmenn stofnunarinnar sem kallaðir voru til í samráði við forstjóra sem einnig kom til viðtals. Einnig er stuðst við greinargerð sem ELS sendi að beiðni PwC sem er yfirlit yfir starfsemi og rekstur stofnun-arinnar.

**Mynd 4.1** **Skipurit ELS**




Samkvæ mt skipuriti eru deildir ELS þ rjár, en þ æ r eru einkaleyfadeild, vörumerkja- og hönnunardeild og almenn skrifstofa. Í kjölfar athugana og úttekta sem fólust í viðtölum, skjalarýni og öðrum athugunum, hafa ráðgjafar PwC tekið saman þ æ r upplýsingar sem hér fara.

### 4.1.3 Viðskiptavinir Einkaleyfastofu

Í töflu 4.1 er birt yfirlit yfir helstu viðskiptavinahópa ELS, þ .e. þ á sem ELS veitir þ jónustu og á mest samskipti við.

**Tafla 4.1. Helstu viðskiptavinahópar ELS.**

| Kaupendur | Notendur | Stjórnsýslan | Aðrar stofnanir |
|---|---|---|---|
| Umboðsmenn fyrirtækja, stofnana og einstaklinga | Almenningur | Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti | Tækni- og rannsókarstofnanir ríkisins |
| Innlend fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar | Fyrirtæki í iðnaði og viðskiptum | Fjármálaráðuneyti | Samkeppnisstofnun |
| Alþjóðastofnanir | Samtök umboðsmanna, hugvitsmanna og áhugaaðila | Alþingi | Sérfræðingahópur EFTA/ESB um hugverkaréttindi |
| | | Áfrýjunarnefnd | Alþjóðaviðskipta-stofnunin (WTO) |

Heimild: Viðtöl við starfsfólk Einkaleyfastofu.

[9] Sjá „Árangursstjórnunarsamnningur við Einkaleyfastofu“ (2000)

ELS þjónar einkum fyrirtækjum, einstaklingum (þ.á.m. frumkvöðlum), samtökum, rannsóknastofnunum atvinnuveganna og háskólum. Þessir aðilar eða umboðsmenn þeirra heimsækja stofnunina til að sækja um skráningu hugverkaréttinda og til að þiggja ráðgjöf. Umboðsmenn erlendra fyrirtækja eru nær undantekningarlaust staðsettir á Reykjavíkursvæðinu. Nálægðin við stærstu viðskiptahópana er talin hafa töluverða þýðingu fyrir viðskiptavini og skilvirkni stofnunarinnar. Nálægð við ráðuneyti og stofnanir og gott aðgengi að þeim telst einnig kostur í þessu samhengi.

### 4.1.4 Deildir

**Einkaleyfadeild**
Verkefni einkaleyfadeildar eru: móttaka einkaleyfisumsókna, rannsóknir (s.s. vegna formskilyrða og nýnæmisathugana), bréfaskriftir vegna annmarka á umsóknum, veiting og endurnýjun einkaleyfa; ráðgjöf, upplýsingagjöf og fræðsla.
Einkaleyfadeild á við of mikla eftirspurn eftir þjónustu að glíma. Þetta stafar einna helst af því að fjöldi umsóka hefur sl. tvö ár farið langt fram úr því sem áætlað var. Til að bæta úr þessu þarf að ráða fleira sérhæft starfsfólk til starfa (með háskólamenntun á sviði tæknifræði, verkfræði, efnafræði eða lyfjafræði). Starfsemi Einkaleyfastofu er mjög sérhæfð og því er nauðsynlegt að starfsfólkið hafi sérmenntun og reynslu til að miðla þekkingu um einkaleyfakerfið til atvinnulífsins. Gæði umsókna frá íslenskum fyrirtækjum hafa aukist verulega á síðustu árum (færri ágallar og minni bréfaskriftir) og á þann hátt verið eins konar mótvægi við álag vegna sífellt vaxandi fjölda umsókna.
Einkaleyfadeild er talin vera staðbundin á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að starfsemin krefst sérhæfðs mannafla og vegna þess að viðskiptavinir einkaleyfadeildar eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og nálægð við viðskiptavini er stofnuninni mikilvæg. Landfræðileg nálægð við stærstu viðskiptavini hefur kosti að því leyti að styttra er að sækja fyrir viðskiptavini sem þurfa að koma á stofnunina til að skoða aðgengilegar (birtar) umsóknir. Þetta kann hins vegar að breytast þegar umsóknir verða komnar á rafrænt form og nútíma upplýsinga- og fjarskiptatækni verður nýtt til fullnustu.
Einkaleyfadeild sinnir þeim fimm meginverkþáttum sem tilgreindir voru að ofan og eru þeir, og þar með starfsemi deildarinnar, almennt taldir órofa bundnir höfuðborgarsvæðinu. Þessu til rökstuðnings er bent á að allar umsóknir sem berast stofnuninni eru á pappírsformi. Pappírsformið er til komið af lagalegum og tæknilegum orsökum, t.d. eru umsóknareyðublöð á netinu ekki gagnvirk þannig að umsóknir geta ekki borist rafrænt. Að auki er þess krafist að umsóknir séu undirritaðar en rafrænar undirskriftir eru enn ekki verið tæknilega mögulegar ennþá.
Einkaleyfadeild rækir rannsóknarhlutverk sitt að hluta á stofnuninni sjálfri (rannsókn á formsatriðum og nýnæmisrannsókn á íslensku efni) og með því að senda umsóknargögn til Danmerkur þar sem fram fer rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi þeirrar tækni sem lýst er í viðkomandi umsóknMeðhöndlun umsókna, fyrir og eftir rannsókn, fylgja umtalsverðar bréfaskriftir og gagnkvæm upplýsingaskipti, m.a. þegar vekja þarf athygli umsækjenda á ágöllum varðandi frágang og framsetningu. Ráðgjafarhlutverk deildarinnar nær til alls landsins og marghátttuð ráðgjöf er veitt aðilum hvarvetna á landinu með símtölum og sendingu gagna, ýmist rafrænt eða í pósti.
Einkaleyfadeild verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stofnuninni, m.a. vegna þess að við sérhæfð verkefni, svo sem varðandi lögfræðileg álitamál og úrskurði, nýtir

stofnunin sérfræðinga sína milli fagsviða. Þetta skýrist af því hve stofnunin er þrátt fyrir allt fámenn þótt hún hafi vaxið ört síðustu árin í samræmi við aukin verkefni.

**Vörumerkja- og hönnunardeild**
Hlutverk vörumerkja- og hönnunardeildar er að fara með málefni vörumerkja (þ.e. innlendar og alþjóðlegar umsóknir), málefni hönnunarverndar og byggðamerkja. Vörumerkja- og hönnunardeild annar vel framboði verkefna enda er leitast við að ráða fólk til starfa nokkurn veginn í takt við fjölgun verkefna. Framboð verka er hins vegar misjafnlega mikið þegar litið er til einstakra þátta deildarinnarMeð sömu aukningu og verið hefur hvað varðar árlegan fjölda vörumerkjaumsókna er ljóst að áður langt um líður þarf að ráða fleira sérhæft fólk til starfa, m.a. til að aðstoða lögfræðinga deildarinnar. Aukningin stafar einkum af vaxandi fjölda alþjóðlegra umsókna í kjölfar aðildar Íslands að svonefndri Madrid-bókun um skráningu alþjóðlegra vörumerkja. Alþjóðlegar umsóknir teljast 57% af öllum vörumerkjaumsóknum sem berast. Að því er þessar umsóknir varðar ræður stofnunin ekki ferðinni hvað afgreiðsluhraða (fresti) varðar heldur verður þar að fylgja alþjóðlegum reglum.
Stærstur hluti starfsemi stofnunarinnar er tengdur þessari deild og lunginn af starfsfólkinu starfar við vörumerki. Um 300 umsóknir eru afgreiddar til birtingar í hverju tölublaði ELS tíðinda, u.þ.b. 150 innlendar og 150 erlendar, þar sem markið er sett á tvo úrskurði vegna álitamála í hverju blaði. Þessi málaflokkur er því krefjandi og vinnuálagið á lögfræðingana eykst þegar tímafrek ágreiningsmál vegna umsókna koma upp.
Ástæðurnar fyrir offramboði verkefna hjá vörumerkja- og hönnunardeild mjög skýrar og einnig hvernig mæta eigi þessari sívaxandi þörf, þ.e. með auknum mannafla og aukinni tækni.
Vörumerkja- og hönnunardeild annar vel framboði verka á sviði hönnunarverndar, þar sem umsóknir eru fáar, en þessi þáttur starfseminnar gæti farið vaxandi með nýjum áherslum og breyttum alþjóðasamningum (Haag-samningur) sem miða að alþjóðlegu umsóknarkerfi.
Fáar umsóknir berast vegna byggðamerkja og því lítið framboð verka en vel sinnt.

Vörumerkja- og hönnunardeild er
Rafmagnsöryggisdeild hefur yfireftirlit með markaðsgæ slu raffanga og er sá þ áttur starfseminnar talinn staðbundinn þ ar sem um 90% innflytjenda raffanga eru á höfuðborgarsvæ ðinu. Staðsetning þ eirra sem annast gerð og túlkun reglna er ekki talin hafa áhrif á starfsemina en kynningar og vinna með menntastofnunum sem sinna rafmagnsmálum fara jafnan fram á höfuðborgarsvæ ðinu. Fræ ðsla um rafmagnsöryggi lýtur sömu lögmálum um staðsetningu og gerð og túlkun reglna. Fræ ðsluhlutverk rafmagnsöryggisdeildar er þ ví ekki talið bundið höfuðborgarsvæ ðinu þ ví fræ ðslunni er miðlað með útgáfu kynningarefnis, í formi auglýsinga og með svörun símhringinga neytenda vegna rafmagnsöryggismála.
Fimmti og síðasti þ áttur sem tiltekinn er undir verksviði rafmagnsöryggisdeildar er rannsókn og skráning tjóna og slysa af völdum rafmagns. Eins og fram kom að ofan sinnir rafmagnsöryggisdeild útköllum lögreglu og vinnueftirlits þ egar grunur leikur á að tjón eða slys hafi orsakast af rafmagni. Útköllin eru að stæ rstum hluta bundin við suðvesturhorn landsins og eru þ ar af leiðandi bundin við höfuðborgarsvæ ðið eða nágrenni þ ess.
Áæ tlað hlutfall verkefna milli suðvesturhorns landsins og landsbyggðarinnar er um 70% á móti 30%. Að auki eru höfuðstöðvar helstu viðskiptavina stofnunarinnar staðsettar á suðvesturhorni landsins, og má þ ar nefna Landsvirkjun, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitur Suðurnesja, Hafnarfjarðar, Akraness og Selfoss.

### 4.4.6 Upplýsingatækni

- Upplýsingatæ kni nýtist markaðsgæ sludeild í samskiptum við innlenda sem erlenda aðila en ekki kemur fram að upplýsingatæ kni losi um þ au bönd sem binda starfsemina við höfuðborgarsvæ ðið.

- Upplýsingatækni gæti auðveldað úthýsingu verka eða hlutverka mælifræðideildar þar sem samskipti við viðskiptavini gætu í auknum mæli verið rafræn. Nú þegar berast verkpantanir og tilboð með rafrænum hætti og heimasíða er nýtt til útgáfu og til að gera upplýsingar aðgengilegar, s.s. reglugerðir.
- Upplýsingatæknin gegnir þegar veigamiklu hlutverki við öryggisstjórnun rafverktaka þar sem upplýsingar berast frá skoðunarstofum og rafveitum í gagnagrunn Löggildingarstofu. Löggildingarstofa nýtir gagnagrunninn til að rækja eftirlitshlutverk sitt með 500 starfandi rafverktökum og veita þeim upplýsingar um frammistöðu.

### 4.4.7 Flutningur (úthýsing)

Eins og áður hefur komið fram (sjá 4.4.1.), hefur Löggildingarstofa þegar flutt mörg verkefni úr húsi. Þessi verkefni eru nú í höndum faggiltra prófunar- og skoðunarstofa sem fullnægja ströngum kröfum um tækni, hlutleysi og öguð vinnubrögð. Þessi starfsemi er opin hverjum þeim sem fullnægir settum kröfum og er því ekki endilega bundin við SV-horn landsins.

- Á **faggildingarsviði** kom ekki fram að möguleikar til úthýsingar væru fyrir hendi.
- Við greiningu **markaðsgæsludeildar** komu ekki fram verkefni sem hugsanlegt væri að flytja burt.
- Innan **mælifræðideildar** er mögulegt að úthýsa þeim þætti starfseminnar sem sinnir löggildingu vigtarmanna. Til þess þyrfti aðila sem hefði aflað sér þekkingar og áunnið sér traust og viðurkenningu til að sinna þessu hlutverki. Hins vegar myndi eftirlitsskylda með þessari starfsemi hvíla hjá Löggildingarstofu þar sem ríkið er lagalega skylt að veita slíkt eftirlit. Einnig má úthýsa eftirliti með löggildingu mælitækja en þá starfsemi mætti fela faggiltri skoðunarstofu líkt og í rafmagnsöryggisdeild sem vikið er að síðar. Þegar starfsemi mælifræðideildar er skoðuð með langtímamarkmið í huga kemur fram að varðveisla landsmæligrunna gæti fallið betur að starfsemi Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar þar sem á Löggildingarstofu starfa helst sérfræðingar í stjórnsýslulegum málefnum.Í kvörðunarþjónustu mælifræðideildar eru möguleikar til úthýsingar. Fram kemur að með aukinni spurn eftir slíkri þjónustu mun álag aukast frekar og því mætti skipta kvörðunarþjónustu í tvö aðgreind verksvið þar sem Löggildingarstofa færi með kvarðanir af háu stigi en faggiltar kvörðunarstofur hefðu iðnaðarkvarðanir á sinni könnu.
- Flutningur verkefna **rafmagnsöryggisdeildar** virðist ekki til framdráttar fyrir deildina. Söguleg rök eru færð fyrir því að slíkar tilfærslur myndu leiða til einangrunar þeirra starfsmanna sem störfuðu í umboði stofnunarinnar úti á landi. Sagan bendir til að eftirlitsmennirnir sem störfuðu á vegum Löggildingarstofu úti á landi ættu á hættu að einangrast og því væri vænlegra að flytja stofnunina í heild út á land en að dreifa einstökum deildum út um stokka og steina. Hins vegar má horfa til þýðinga og annarra sérverkefna sem ekki falla beinlínis undir starfsvið Löggildingarstofu. Þá er útibú einkarekinnar skoðunarstöðvar á Egilsstöðum og hefur samvinna tekist milli Löggildingarstofu og þess einkareksturs. Sú samvinna felst í því að Löggildingarstofa beinir verkefnum til skoðunarstöðvarinnar á Egilsstöðum eftir því sem kostur er. Löggildingarstofa hefur því haft frumkvæði að tilfærslu verkefna til landsbyggðarinnar með þessari samvinnu við einkarekið útibú á Egilsstöðum.

### 4.4.8 Niðurstöður

Löggildingarstofa er að hluta bundin við höfuðborgina þ ar sem helstu innflutningshafnir landsins eru þ ar. Þessi órjúfanlegu tengsl helgast af þ ví að markaðsgæ sludeild Löggildingarstofu og rafmagnsöryggisdeild Löggildingarstofu er skylt að hafa eftirlit með innflutningi þ eirrar vöru sem þ essar deildir bera ábyrgð á eftirliti með og þ ar af leiðandi eru samskipti við innflytjendur mikil. Þessi umfjöllun verður skýrari þ egar viðfangsefninu er skipt eftir deildum og tilheyrandi verksviðum.

**Mælifræðideild.**

**Mælifræði:**

- Varðveisla landsmæ ligrunna er ekki bundið við höfuðborgarsvæ ðið. Raunar er ekki talið æ skilegt að slík starfsemi sé í þ éttbýli þ ar sem starfsemin er háð umhverfislegu jafnvæ gi. Sérhönnuðu húsnæ ði er æ tlað að skapa æ skileg skilyrði og koma í veg fyrir hin óæ skilegu. Nýverið var starfsemi Löggildingarstofu flutt milli húsa innan Reykjavíkur en landsmæ ligrunnar hafa ekki verið fluttir þ ar sem starfsemin hvílir á sérhönnuðu og kostnaðarsömu gólfi og þ arf nákvæ ma umhverfistýringu. Þegar þ essi aðstaða í Borgartúni 21 verður tilbúin er hæ gt að halda áfram þ eirri uppbyggingu fyrir landsmæ ligrunna og kvarðanir sem fyrirsjáanleg er næ stu 10 ár eða svo en að þ eim tíma loknum væ ri eðlilegt að kanna möguleika á staðsetningu starfseminnar utan höfuðborgarinnar.
- Kvörðunarþ jónustan sinnti 695 kvörðunum á árunum 1991-1999 og þ ar af 86% á höfuðborgarsvæ ðinu. Þessi þ jónusta virðist þ ví bundin við höfuðborgarsvæ ðið en hins vegar kom fram í greiningu að faggilt kvörðunarþ jónusta gæ ti tekið við þ essum verkum og Löggildingarstofa sæ i um kvarðanir á „háu stigi“ef fjöldinn væ ri þ að mikill að þ að væ ri hagkvæ mt.

**Lögmælifræði:**

- Eftirlit með löggildingu mæ litæ kja er stjórnsýslulegur þ áttur í starfsemi mæ lifræ ðideildar og óbundið núverandi staðsetningu. (Einkafyrirtæ ki sjá um löggildingu flestra flokka mæ litæ kja en stofnunin hefur eftirlitsskyldu með einkafyrirtæ kjunum).
- Löggilding vigtarmanna er starfsemi sem þ yrfti ekki að heyra undir ríkisstofnun heldur menntastofnun sem hefði tilskilin leyfi til löggildingar vigtarmanna að loknum námskeiðum. Þetta er ekki viðamikil starfsemi eða þ riðjungur úr heilu stöðugildi.

**Rafmagnsöryggisdeild:**

- Öryggisstjórnun rafveitna er ekki bundin við höfuðborgarsvæ ðið en hins vegar eru skoðunarstofurnar staðsettar á höfuðborgarsvæ ðinu og þ ar af leiðandi er eðlilegt að eftirlitsaðilinn sé þ ar einnig.
- Öryggisstjórnun á sviði rafverktaka er talin staðbundin þ ar sem meginhluti rafverktaka starfar á höfuðborgarsvæ ðinu og mikil samskipti eiga sér stað milli þ essara aðila.
- Markaðsgæ sla raffanga er bundin við höfuðborgarsvæ ðið þ ar sem innflutningshafnir landsins eru þ ar.
- Gerð og túlkun reglna er ekki staðbundin starfsemi og spurning hvort löggjafinn og framkvæ mdavaldið geti ekki sótt slíka þ jónustu til einkaaðila og/eða menntastofnana sem fara með fræ ðsluhlutverk á þ essu sviði. Einnig má fella fræ ðsluhlutverk deildarinnar undir þ essar vangaveltur.
- Útköll vegna slysa- og tjóna af völdum rafmagns hafa að mestu verið bundin höfuðborgarsvæ ðinu en spyrja má hvort sú starfsemi þ urfi nauðsynlega að vera hluti af ríkisstarfsemi. Einkaaðilar fara t.d. með öryggiseftirlit bifreiða og skipa og

draga má þ á ályktun að til þ ess hæ fir einkaaðilar gæ tu sinnt þ essum útköllum sem eru ríflega 120 talsins þ að sem af er árinu 2000. Löggildingarstofa aðstoðar Lögreglu og Vinnueftirlit í þ essum rannsóknum og myndi væ ntanlega viðurkenna rannsókn skoðunarstofu eða annarra einkaaðila, ef eftir þ ví yrði leitað.

**Mynd 4.8 Yfirlit LS.**



# 4.5 Orkustofnun

## 4.5.1 Hlutverk

Hlutverk Orkustofnunar er að vera „ríkisstjórn til ráðuneytis um orkumál samkvæ mt lögum nr. 58/1967. Auk þ ess er þ að hlutverk stofnunarinnar að annast yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins til að tryggja að orkuþ örf þ jóðarinnar sé fullnæ gt og að orkulindir landsins séu hagnýttar á hagkvæ man hátt. Stofnunin skal halda skrá um orkulindir landsins og hafa umsjón með fallvötnum og jarðhitasvæ ðum í eigu ríkisins. Stofnuninni er heimilt að annast rannsóknir á starfssviði sínu fyrir aðra en ríkið gegn þ ví að kostnaður fáist greiddur.“[19] Hjá Orkustofnun starfa 96 manns.

## 4.5.2 Verkefnagreining

Samkvæ mt skipuriti og greiningu gegnir Orkustofnun tvíþ æ ttu hlutverki og er starfseminni skipt eftir þ ví í **orkumálahluta** og **orkurannsóknarhluta**, eins og sýnt er í töflu 4.8. Orkubúskapardeild sinnir vinnu með tölfræ ðigögn, s.s. gagnasöfnun og gagnaúrvinnslu, auk þ ess að sinna upplýsingagjöf tilinnlendra og erlendra aðila. Auðlindadeild skilgreinir rannsóknarverkefni sem ríkið þ arf að sinna og semur um rannsóknir við þ á aðila sem henta hverju sinni. Þá heldur auðlindadeild utan um gagnasafn og er umsagnaraðili um umsóknir um nýtingu auðlinda og. gjaldskrár hitaveitna. Einnig heldur auðlindadeild yfirlit yfir virkjanakosti, m.t.t. umhverfismála, þ ar sem horft er til framtíðar um nýtingu vatnsafla og jarðvarma. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þ jóðanna er rekinn innan Orkumálahluta OS.

**Mynd 4.9 Skipurit OS**




**Tafla 4.8 Starfsemi Orkustofnunar eftir meginmálaflokkum**

| Orkurannsóknarhluti | Orkumálahluti |
|---|---|
| Rannsóknarsvið | Orkubúskapardeild |
| Vatnamæ lingar | Auðlindadeild |
| | Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þ jóðanna |

Heimild: Ársskýrsla 1999, Orkustofnun, bls. 2.

Orkurannsóknahluti Orkustofnunar næ r yfir Rannsóknarsvið og Vatnamæ lingar en bæ ði svið vinna fyrir aðila utan stofnunarinnar. Af þ essu má ráða að fjárhagur Orkustofnunar er tvískiptur, þ annig að hluti hennar, orkumálahluti, starfar á forsendum fjárlaga, en orkurannsóknarhluti starfar sem sjálfstæ ður verktaki og starfar á forsendum markaðarins. Verkefni Orkustofnunar eru þ ví aðgreind milli stjórnsýslueiningar hennar og rannsóknareiningar þ ar sem hvor eining reiðir sig á hina við úrlausn verkefna.

## 4.5.3 Viðskiptavinir Orkustofnunar

Helstu samskiptaaðilar Orkustofnunar eru:

[19] Sjá „Verkefnavísar 2000“, bls. 264

- Veitustofnanir.
- Virkjanafyrirtæki.
- Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Aðrar stofnanir.
- Stjórnvöld.

### 4.5.4 Deildir

## Orkurannsóknahluti

**Rannsóknasvið**
Á Rannsóknasviði starfa liðlega 40 manns.
Verkefni rannsóknasviðs eru aðgreind í tvo meginflokka, sem eru jarðhitarannsóknir annars vegar og jarðvísindaleg þjónusta hins vegar. Rannsóknasvið starfar sem verktaki, líkt og Vatnamælingar Orkustofnunnar, þar sem viðskiptavinir eru opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem og einkafyrirtæki. Um 19% af verkefnum Rannsóknasviðs koma frá Orkumálahluta Orkustofnunar, þar af 4% frá Jarðhitaskólanum.
Undanfarin tvö ár hefur Rannsóknasviðið átt í erfiðleikum með að anna mikilli eftirspurn eftir rannsóknarverkefnum vegna skorts á mannafla, en mikil þjálfun liggur að baki framlagi sérfræðinga rannsóknasviðs. Framboð verka er sveiflukennt og mótast jafnan af efnahagsástandi þjóðarbúsins. Því hefur álagið verið töluvert á starfsmenn Rannsóknasviðs undanfarin tvö ár. Miklu framboði verka er mætt með yfirvinnu þar sem ekki er unnt að manna sviðið þannig að það svari miklum sveiflum í eftirspurn.
Hvað verkframboð Rannsóknasviðs vegna jarðvísindalegrar þjónustu varðar þá er sá hluti talinn hafa orðið til vegna þeirrar þekkingar og reynslu sem Rannsóknasvið býr yfir. Þar af leiðandi hefur þjónusta á sviði jarðvísinda vaxið við hlið hefðbundinna verka Rannsóknasviðs, en þau verkefni sem hér um ræðir eru jarðfræðileg kortlagning, grunnvatnsathuganir og vatnsból, mannvirkjajarðfræði og undirbúningur jarðgangagerðar, t.d. forrannsóknir vegna Hvalfjarðarganga á sínum tíma.
Stærstu viðskiptavinir á sviði jarðhitarannsókna eru staðsettir í Reykjavík, á Suðurnesjum og Suðurlandi en einnig á Norðurlandi. Hið sama á við jarðvísindalega þjónustu, sem raunar er háð staðsetningu Rannsóknasviðsins í heild þar sem verkefni á sviði þessarar þjónustu eru leyst af starfsmönnum sem starfa við jarðhitarannsóknir og hafa sérþekkingu sem nýtist víðar.
Rannsóknasvið rekur útibú á Akureyri. Þar starfa 2 menn og leitað hefur verið árangurslaust að þriðja manni. Stefnt er að því að þar muni í framtíðinni starfa 5 manns ef verkefni leyfa og starfsfólk fæst.

**Vatnamælingar**
Helstu verkefni Vatnamælingadeildar eru eftirfarandi:

- mælakerfi
- endurskoðun gagna
- jöklamælingar, vatnsbúskapur og jökulhlaup
- aurburðarrannsóknir og efnavöktun
- endurmat á afrennsli og vatnsorku
- vatna- og jöklaskrá
- undirbúningur og þátttaka í ráðstefnum og fundum, svo sem Extremes 2000
- miðlun upplýsinga til viðskiptamanna og almennings

Vatnamælingar eru á orkurannsóknasviði ásamt Rannsóknasviði. Þar starfa nú 22 fastráðnir starfsmenn auk lausráðinna starfsmanna sem eru verkefnaráðnir. Starfsemi Vatnamælinga er, að mestu leyti, fjármögnuð með samningum um þjónustu. Á síðustu misserum hefur álag í vissum þáttum verið vaxandi. Þetta aukna álag hefur að hluta verið leyst með ráðningu háskólastúdenta og að hluta með því að sumum verkefnum Vatnamælinga hefur verið minna sinnt en nauðsynlegt er. Frumúrvinnsla gagna hefur verið í nokkuð góðu samræmi við þörf en framhaldsúrvinnsla og viðhald gagnagrunna Vatnamælinga hefur að nokkru liðið fyrir skort á sérmenntuðu starfsfólki. Eitt af þeim verkefnum sem liðið hafa fyrir þetta aukna álag eru jöklamælingar, en rétt er að geta þess að þeim er einnig sinnt af Landsvirkjun (LV) og Raunvísindastofnun HÍ. Sama má segja um mælakerfið, því er aðallega sinnt af tveimur aðilum, þ.e. Vatnamælingum OS og Landsvirkjun. Vatnamælingar sinna rekstri nokkurra mæla í eigu LV en fyrirtækið sinnir sjálft nokkrum fjölda þeirra. Mælar LV tengjast beint rekstri virkjana. Í árslok 1999 voru um 170 mælar í rekstri á vegum Vatnamælinga. Á Egilsstöðum er starfrækt útibú frá Vatnamælingum með einum starfsmanni sem annast rekstur og aflestur mæla á Austurlandi. Þessi starfsmaður annast einnig verkstjórn starfsmanna úr Reykjavík á sumrin. Fram kom að útibú gætu annast rekstur mæla og aflestur annars staðar á landinu eins og á Egilsstöðum en það er ekki talið hagkvæmt fyrirkomulag vegna nýtingar starfskrafta starfsmanna. Almennt séð eru verkefni Vatnamælinga ekki bundin höfuðborgarsvæðinu nema fyrir það að mikil þörf er fyrir sérfræðinga með mikla og góða menntun og samstarf er mikið við sérfræðinga sem eru í starfi annars staðar, eins og við Háskóla Íslands. Bent var á að unnið er að því að beintengja mæla um allt land við stjórnstöð Vatnamælinga en það hefur í för með sér mikla einföldun á aflestri og rekstri mælanna.
Eftirtaldir aðilar eru helstu viðskiptavinir Vatnamælinga OS:

- Orkumálahluti OS
- Landsvirkjun, Rarik, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Reykjavíkur, Hita- og vatnsveita Suðurnesja, embætti borgarverkfræðings og Vegagerð ríkisins.

Vægi þessara tveggja flokka viðskiptavina varðandi þjónustu er u.þ.b. helmingur hvor. Þörfum viðskiptavinanna er aðallega svarað með skýrslugerð og á rafrænu formi.
Rétt er að taka fram að með Evróputilskipun um vöktun vatna af umhverfisástæðum en ekki bara vegna orkuvinnslu hafa vaknað spurningar um staðsetningu þessarar starfsemi hjá stofnun eins og Orkustofnun.

## Orkumálahluti

### Orkubúskapardeild

Helstu verkefni orkubúskapardeildar eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Að safna gögnum um vinnslu og notkun orku, um innflutning orkugjafa og að gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrám orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að áætlunum til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og gefa út orkuspár.
- Að stuðla að aukinni hagkvæmni í orkunýtingu og auknum hlut innlendra orkugjafa í orkubúskap þjóðarinnar.

Deildin er á orkumálasviði ásamt auðlindadeild. Það er mat stjórnanda deildarinnar að framboð verkefna sé að jafnaði meira en hægt er að komast yfir með þeim mannafla

sem til er. Mikið af gögnum um vinnslu, innflutning, notkun og verð orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirkja berast deildinni reglulega frá orkufyrirtækjum og einnig fer fram árleg söfnun upplýsinga frá orkuveitum í samvinnu við Samorku. Mest af þessum gögnum er skráð í gagnagrunn Orkustofnunar og síðan notað til upplýsingamiðlunar eða frekari úrvinnslu. Takmörkuð fjárráð koma meðal annars fram í því að úrvinnsla gagna er síðbúin. Sem dæmi um þetta má nefna að útgáfa Orkumála, tímarits stofnunarinnar, er nokkrum árum á eftir áætlun.Takmörkuð fjárráð hafa einnig valdið því að deildin hefur ekki, sem skyldi, getað sinnt verkefnum er stuðla að aukinni hagkvæmni í orkunýtingu og auknum hlut innlendra orkugjafa í orkubúskapnum.

Orkuspárnefnd er samstarfsvettvangur um gerð orkuspáa. Umsjón með útgáfu þeirra er í höndum orkubúskapardeildar en vinnu við áætlanagerðina hefur að mestu verið úthýst og er unnin af verkfræðistofu á höfuðborgarsvæðinu. Samskipti deildarinnar við viðskiptavini og birgja fer að miklu leyti fram á rafrænu formi.Unnið hefur verið í því á síðustu árum að auka mjög aðgengi að gagnagrunnum stofnunarinnarum orkubúskaparmál.

Það er mat stjórnanda deildarinnar að almennt megi segja að starfsemin sé ekki staðbundin en hann telur mikilvægt að orkumálahluti stofnunarinnar ásamt yfirstjórn sé á sama stað. Það gildi hins vegar um þennan hluta starfseminnar eins og aðra að mikilvægt sé að hafa aðgengi að sérmenntuðum starfsmönnum sem hafa reynslu og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.Rétt er einnig að nefna að þessi hluti stofnunarinnar ásamt yfirstjórn er hluti af stjórnsýslunni og vinnur mikið með stjórnvöldum, Alþingi, ráðherrum og ráðuneytum.

Deildin þjónar aðallega eftirtöldum aðilum

- stjórnvöldum
- öðrum stofnunum, innlendum og erlendum, og orkufyrirtækjum
- fyrirtækjum í viðskiptalífinu
- almenningi.

Samskipti við þessa aðila fara aðallega fram án beinna samskipta eins og vettvangskannana og heimsókna. Þess vegna er staðsetning stofnunarinnar ekki bundin við eitt svæði frekar en annað nema af ofangreindum ástæðum.

**Auðlindadeild**

Helstu verkefni auðlindadeildar lúta að:

- könnunum á orkuauðlindum landsins,
- eftirliti með notkun orkuauðlinda,
- umsögnum til ríkis um umsóknir til rannsóknaleyfa og vegna umsókna um virkjanaleyfi,
- því að gera almenningi rannsóknargagnasafn Orkustofnunar aðgengilegt
- eftirliti með námavinnslu, s.s. malarnámi.

Þar að auki er eitt meginhlutverk auðlindadeildar að finna verktaka til að sinna rannsóknarverkefnum. Verktakarnir eru gjarnan rannsóknahluti Orkustofnunar. Rannsóknasvið vinnur að jafnaði fjórðung verka sem auðlindadeild ráðstafar og Vatnamælingasvið rannsóknahlutans vinnur þriðjung til helming verka sem koma frá auðlindadeild.

Samhliða því að ríkið hefur dregið úr beinum umsvifum sínum í orkurannsóknum hafa áherslur breyst. Auðlindadeild leitar verktaka fyrir þau verk sem ríkið vill að séu framkvæmd og verkin eru fjármögnuð að hluta af Orkusjóði. Vegna þessa breytta hlutverks getur Auðlindadeild vel annað eftirspurn eftir sinni þjónustu. Auðlindadeild

hefur verk í vinnslu út um allt land en algengt er að verktakarnir hafi höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi deildarinnar er því ekki **staðbundin** hvað varðar þær framkvæmdir sem boðnar eru út. Staðbundnir þættir eru samskipti við aðra aðila vegna samninga og ráðagerða, en þeir aðilar eru til dæmis umhverfisráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, verkfræðistofur, orkufyrirtæki o.fl.

Helstu verktakar eru:

- jarðfræðistofur, sem eru fáar sjálfstæðar;
- Landmælingar;
- verkfræðistofur, þ.e. umhverfissvið þeirra;
- Vatnamælingar og Rannsóknasvið Orkustofnunar;
- Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hugsanlegir viðskiptavinir eru allir þeir sem hafa getu til að sinna verkefnum á vegum auðlindadeildar og er stefnt að því að verkin verði almennt boðin út á landsvísu. Ennfremur þarf að bjóða út erlendis þegar áætlaður kostnaður verka nær ákveðnu marki.

**Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna**

Eftirspurn eftir þjónustu Jarðhitaskólans er veruleg og fram kemur að skólastarfið er mikilvægur þáttur í þróunaraðstoð íslensku þjóðarinnar. Í skólann sækja erlendir nemendur. Skólinn er rekinn á Orkustofnun samkvæmt samningi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Japan.

Starfsemi skólans er í náinni samvinnu við Rannsóknasvið og ekki séð að hún geti þrifist án þess nábýlis. Stærstur hluti kennslu er verkþjálfun undir handleiðslu sérfræðinga Orkustofnunar.

### 4.5.6 Upplýsingatækni

- Fram kemur að upplýsingatækni sé þungamiðja starfseminnar þar sem Orkustofnun og deildir hennar gegni þeim hlutverkum, meðal annarra, að standa að gagnasöfnun, gagnageymslu, gagnatúlkun og gagnamiðlun.
- Að auki er upplýsingatæknin líf æð útibúanna sem Orkustofnun starfrækir úti á landi.
- Framtíðarhorfur varðandi hlutverk upplýsingatækni í starfseminni er t.d. að allir vatnamælar landsins verði beintengdir við stofnunina en upplýsingatækni er mikilvæg nú þegar við flutning gagna frá mælitækjum.
- Samskipti **Orkubúskapardeildar** fara mest fram á rafrænu formi, s.s. við gagnasöfnun, en gagnasafn deildarinnar er kjarninn í starfsemi hennar. Unnið er að því að gera gögn um orkubúskaparmál sem aðgengilegust fyrir. Það er hlutverk þessarar deildar að annast viðhald gagnagrunns um orkubúskaparmál, en þar sem vinna við það verkefni er á eftir neyðast menn til að vinna úr gögnum þær upplýsingar sem þá vantar hverju sinni.
- Í ljósi almennrar þróunar í notkun fjarfundabúnaðar og möguleika netsins við kennslu og þekkingarmiðlun má benda á að upplýsingatæknin virðist opna möguleika hvað varðar staðsetningu Jarðhitaháskólans, en þá er horft framhjá því að kennarar eru aðallega sóttir til Rannsóknasviðs OS.

## 4.5.7 Flutningur (úthýsing)

Möguleikar til flutnings á verkefnum Orkustofnunar eru tvíþ æ ttir:

- Aðgreining orkumálahluta og orkurannsóknahluta.
    - Þessi aðgerð gefur möguleika þ ar sem sá síðari starfar á forsendum markaðarins en fullkomna má aðgreiningu þ essara sviða Orkustofnunar með þ ví að fæ ra orkurannsóknahluta til markaðarins.
    - Með þ essu fyrirkomulagi myndi orkumálahluti starfa eftir sem áður á fjárlögum við að sinna þ eim hlutverkum sem hér hafa verið rakin.
    - Aðgreiningin býður einnig upp á að verkefni orkumálahluta verði send til landsbyggðarinnar, þ .e. orkubúskapardeild og auðlindadeild. Hins vegar ber til þ ess að líta að viðtakandi slíkra umsvifa verður að hafa til þ ess bolmagn.
- Flutningur einstakra deilda/verksviða.
    - Verkefni á sviði vatnamæ linga fara fram um land allt og fram kemur í greiningu að útibú gæ tu vel sinnt mæ lingum og aflestri. Einnig gæ tu vatnamæ lingar verið á höndum einkaaðila sem tæ kju að sér verkin samkvæ mt útboði. Í þ essu samhengi má benda á að þ egar er starfsmaður stofnunarinnar á Austurlandi sem sinnir þ ví landsvæ ði.

## 4.5.8 Niðurstöður

Orkustofnun er tvískipt stofnun þ ar sem annar hluti hennar starfar á grunni fjárlaga en hinn hlutinn starfar á grunni markaðarins sem sjálfstæ ð kostnaðar-/rekstrareining. Orkurannsóknarhluti stofnunarinnar eru tvæ r sjálfstæ ðar einingar sem eru óbundnar af staðsetningu stjórnsýsluhlutans sem kallast orkumálahluti. Það er hins vegar ljóst að menntunarstig starfsmanna í þ essum hluta starfseminnar er mjög hátt en þ að getur haft áhrif á framtíðarstaðsetningu. Vatnamæ lingar fara fram meira og minna um allt land og þ ví erfitt að sjá af hverju úrvinnsla rannsókna og yfirstjórn þ urfi að vera á höfuðborgarsvæ ðinu. Orkumálahluti stofnunarinnar er ekki heldur háður núverandi staðsetningu. Hlutverk orkumálahluta er að finna verktaka til að framkvæ ma rannsóknarverkefni á vegum ríkisins og að sinna eftirlitsskyldu og efla upplýsinga- og gagnasafn um orkubúskap Íslands. Svo virðist sem stjórnsýsluhlutverk Orkustofnunar þ urfi að athuga betur með tilliti til nýrra orkulaga sem eru væ ntanleg á næ stunni.

**<u>Mynd 4.10</u> Yfirlit OS.**



# 4.6 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

## 4.6.1 Hlutverk

Hlutverk Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (RB) „er að stunda hagnýtar rannsóknir og þróun á sviði byggingariðnaðar og stuðla þannig að góðri endingu og hagkvæmni mannvirkja í landinu. Jafnframt að veita aðilum byggingariðnaðarins sérhæfða prófanaþjónustu og stunda vöruvottun.[20] Starfsmenn RB eru 39.

## 4.6.2 Verkefnagreining

Samkvæmt „Verkefnavísi 2000“ eru helstu verkefni RB eftirfarandi:

- stjórnvaldsverkefni,
- hagnýtar rannsóknir,
- þjónustu- og ráðgjafarverkefni,
- gæðaeftirlit,
- útgáfu og upplýsingamál.[21]

**Mynd 4.11 Skipurit RB.**




Samkvæmt skipuriti RB skiptist starfsemin í deildir eins og sýnt er í töflu 4.9 þar sem einnig koma fram helstu verkefni sem heyra undir hverja þeirra. Hver deild RB sinnir þjónustuverkefnum sem greitt er fyrir samkvæmt gjaldskrá, hagnýtum rannsóknum og gæðaeftirliti. Þjónusturannsóknir sem stofnunin sinnir eru um 1300 á hverju ári, flestar á sviði steinsteypu og vegagerðar.

Umfjöllunin um deildir RB takmarkast af því að fjöldi deilda er slíkur að greiningum innan einstakra deilda varð ekki komið við. Þar af leiðandi voru tekin viðtöl innan þriggja deilda af sex, þ.e. húsbyggingatæknideild, jarðfræði- og jarðtæknideild og útgáfu- og fræðsludeild. Umfjöllun um aðrar deildir er byggð á heimildavinnu.

**Tafla 4.9. Deildir RB ásamt meginverkefnum**

| Húsbygginga deild | Vegtækni | Steinsteypa | Jarðfræði/ jarðtækni | Lagnir | Útgáfa/ fræðsla |
|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustu-rannsóknir | Prófanir vegna eftirlits með fram-kvæmdum | Rannsóknir á endingu og gæðum | Gæðaeftirlit með steinefnum sem notuð eru í steypu-framleiðslu | Prófun og vottun lagnaefna og lagnakerfa húsa | RB tækniblöð |
| Sjálfstæð rannsóknar-verkefni | Prófanir á efnum til vega- og gatnagerðar | Viðhald og viðgerðar-aðferðir | Tæknilegar mælingar á jarðefnum | Úttektir og virkniprófanir á lagna- og loft-ræstikerfum | Sérrit um byggingar-tæknileg málefni |
| | | Nýþróun | Smásjárgreining á bergi og harðnaðri steinsteypu | Útgáfa fræðsluefnis | Rannsóknar-skýrslur Staðlaðar verklýsingar |

Heimild: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, 1995, bls. 4-10, sbr. einnig „Deildir og starfsvið“, www.rabygg.is [03.10.2000]

[20] Sjá „Verkefnavísar 2000“ bls. 262
[21] Sbr sama rit, bls. 262-263

### 4.6.3 Viðskiptavinir

Helstu viðskiptavinir eru:
- mannvirkjahönnuðir
- verktakar og iðnaðarmenn
- eigendur opinberra mannvirkja (Vegagerðin, virkjanir, hafnir o.þ h.)
- húseigendur
- stjórnvöld.

Viðskiptavinum er veitt þjónusta með hagnýtum rannsóknum, efnisprófunum og sérfræðiráðgjöf.

### 4.6.4 Deildir

**Húsbyggingatæknideild**
Helstu verkefni húsbyggingartæknideildar eru:
- sjálfstæð rannsóknarverkefni,
- þjónusturannsóknir,
- gæðaeftirlit og vottanir,
- útgáfa faglegra upplýsinga.

Sjálfstæðar rannsóknir felast í því að starfsmenn deildarinnar skilgreina verkefni og leita fjármögnunar. Fjármögnun fæst t.d. með styrkjum og þátttöku annarra, s.s. RANNÍS og Íbúðalánasjóðs.
Þjónusturannsóknir berast til húsbyggingartæknideildar frá ýmsum aðilum. Í þjónustuverkefnum felast skoðunarferðir þar sem tækjum deildarinnar er beitt og í framhaldinu skilar deildin áliti, t.d. í formi greinargerða. Dæmi um þjónustuverkefni eru rannsóknir á burðarþoli, einangrun, rakaflæði, síldartunnum og plastkerjum. Breitt verkefnasvið deildarinnar skýrist af því að deildin býr að mælikunnáttu sem nýtist á ýmsum sviðum.
Útgáfumálin lúta að því að miðla faglegri vinnu og þekkingu til samfélagsins.
**Framboð** verkefna sem falla undir skilgreiningu þjónustuverkefna er töluvert á hverju ári. Þjónustuverkefnin eru unnin af sérfræðingum á rannsóknarstofu og þrátt fyrir mikið framboð verkefna annar deildin eftirspurninni vel. Það skýrist af því að samvinna deilda er mikil og mannaflinn færist milli deilda eftir verkefnum. Framboð sjálfstæðra rannsóknaverkefna einkennist nokkuð af alþjóðlegri samvinnu og nettengingu við Evrópu sem eykur upplýsingaflæði til deildarinnar. Þar sem starfsmenn deildarinnar skilgreina og afmarka sjálfstæð rannsókarverkefni er framboð verkefnanna eðlilega í samræmi við getu deildarinnar til að takast á við verkin. Hins vegar verður húsbyggingartæknideild að láta frá sér verk eða hafna þátttöku í alþjóðlegum verkefnum þar sem tækjabúnað vantar og vegna ónógrar samvinnu við RANNÍS. Útgáfumál deildarinnar fara fram innanhúss í gegnum útgáfu- og fræðsludeild.
Þjónustuverkefni deildarinnar eru **bundin** við **núverandi staðsetningu** þar sem rannsóknarstofur þurfa mikinn tækjakost til að leysa verkefnin en til að færa slíkan tækjakost milli landshluta þarf sérstaka hönnun húsnæðis og uppsetningu allra tækja að nýju. Á hinn bóginn er starfsemin **ekki staðbundin** hvað álitsgerðir varðar en þjálfun að baki þeim er jafnan um þrjú ár í starfi sem fer fram á rannsóknarstofum og við vettvangsrannsóknir. Rannsóknarverkefnin geta verið staðbundin ef lausn þeirra felur í sér notkun sérhæfðra tækja, en sú er raunin í meirihluta tilfella. Útgáfumálin

eru ekki staðbundin þ ar sem tæ knin er fæ ranleg og með nútímasamskiptatæ kni má inna þ essa vinnu af hendi víðar, þ .e. starfsemin er óháð landfræ ðilegri legu.

**Útgáfu- og fræðsludeild**
Á deildinni eru 1 ½  stöugildi við útgáfumál og ein staða bókasafnsfræ ðings en verkefni deildarinnar skiptast í aðalatriðum í eftirfarandi flokka:

- útgáfu upplýsinga fyrir byggingariðnaðinn
- útgáfu fréttabréfs stofnunarinnar
- námskeiðshald og upplýsingagjöf.

Útgáfa á upplýsingum fyrir byggingariðnaðinn myndar fjárhagslegan grunn deildarinnar og stendur undir annarri starfsemi hennar. Ráðgjöf við fagfélög er í formi skýrslna og annars samstarfs sem lýtur að útgáfu. Upplýsingagjöf felur í sér vefsíðuupplýsingar, bókasafn stofnunarinnar og erlent samstarf.
Þeir sem helst nýta sér þ jónustu deildarinnar eru hönnuðir og verktakar, framleiðendur og iðnaðarmenn, svo og almennir húseigendur. Húsbyggjendum er boðinn aðgangur að símatímum þ ar sem hæ gt er að nálgast almenna ráðgjöf án endurgjalds. Starfsemi deildarinnar grundvallast þ ví á samspili hugvits og nútímaupplýsingatæ kni.
Deildin annar vel **eftirspurn** eftir þ jónustu varðandi útgáfu upplýsinga fyrir byggingariðnaðinn en slíkar upplýsingar eru almennt samdar af sérfræ ðingum á fagdeildum. Sama gildir um útgáfu fréttabréfablaðs stofnunarinnar, en RB og ITÍ gefa út sameiginlegt fréttabréf sem er að mestu unnið á ITÍ en RB greiðir 1/3 kostnaðar. Námskeiðahald er vel skorðað milli framboðs og getu deildarinnar til að sinna þ eim lið. Námskeið og fyrirlestrar eru jafnan haldin fyrir iðnaðinn og menntastofnanir og fara að mestu fram innan fagdeilda stofnunarinnar.
Útgáfu- og fræ ðsludeild er ekki talin**staðbundin** og gæ ti raunar starfað óháð staðsetningu. Væ ntanlega þ yrfti að laga starfsemina að breyttum aðstæ ðum samfara fjarlæ gð við heildina en samskiptatæ knin æ tti að bjarga þ ví. Þegar litið er til einstakra þ átta í starfsemi deildarinnar kemur fram að mannauðurinn sé helst staðbundinn þ ví tæ kniblöð sé hæ gt að vinna hvarvetna svo fremi sem sérfræ ðiþ ekking sé fyrir hendi. Hins vegar beri á þ að að líta að fræ ðileg eða fagleg skrif og útgáfa eru ekki óaðskiljanlegir þ æ ttir – útgáfuferlið skarast óbeint við innihaldið/textann, s.s. vegna faglegs prófarkarlestrar. Útgáfa fréttabréfs stofnunarinnar er staðbundin að þ ví marki sem nálæ gð útgáfuferlis við vinnustaðinn er nauðsynleg en þ essi liður lýtur sömu lögmálum og önnur tengsl útgáfuferlis og frétta- eða heimildaöflun. Ráðgjöf við fagfélög virðist staðbundin þ ar sem núverandi staðsetning býður uppá nálæ gð við helstu samskiptaaðila. Sama gildir um námskeiðs- og fyrirlestrahald þ ar sem fagskólar eru flestir á höfuðborgarsvæ ðinu en haldin eru „farandnámskeið“ um land allt. Upplýsingamiðlun er að meginhluta staðbundin en helst í hendur við staðsetningu þ ekkingarinnar hverju sinni þ ar sem upplýsingamiðlun byggir á hugviti.

**Jarðfræði-/jarðtæknideild**
Helstu verkefni þ essarar deildar eru:

- Gæ ðaeftirlit með steinefnum sem notuð eru í steinsteypu
- Tæ knilegar mæ lingar á jarðefnum
- Smásjárgreining á bergi og steinsteypu
- Hagnýt rannsóknarverkefni

Umfjöllun um Húsbyggingadeild hér að framan á jafnframt að miklu leyti við starfsemi Jarðfræ ði-/jarðtæ knideildar. Helstu viðskiptavinir deildarinnar eru framleiðendur steinefna og steinsteypu, Vegagerð ríkisins og verkfræ ðistofur á sviði jarðtæ kni.

Deildin beitti sér fyrir því að nokkrar stofnanir (HÍ, OS, Náttúrufræðistofnun og Norræna eldfjallastöðin) kæmu upp miðstöð fyrir rannsóknir á bergi (þunnsneiðagerð) við deildina.
Fjármögnun starfsemi deildarinnar er í aðalatriðum þríþætt, þ.e. styrkir til rannsóknarverkefna, þjónustugjöld vegna rannsókna fyrir viðskiptavini og hlutdeild deildar í ríkisframlagi til stofnunarinnar.
**Framboði** verkefna annar deildin með forgangsröðun. Þjónustuverkefni sitja fyrir þar sem almenn rannsóknarverkefni eru sveigjanlegri. Útgáfumál deildarinnar fara fram innanhúss í gegnum útgáfu- og fræðsludeild.
Þjónustuverkefni deildarinnar eru **bundin** við núverandi staðsetningu þar sem yfirgnæfandi meirihluti viðskiptavina er á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni byggjast að verulegu leyti á sýnatökum á vettvangi og samstarf við viðskiptavininn er mikið. Einnig er mikilvægt atriði að starfsemin byggist á nánu samstarfi við aðrar deildir stofnunarinnar. Almenn rannsóknarverkefni eru talin bundin við höfuðborgarsvæðið vegna mikillar samvinnu við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem staðsett eru hér á svæðinu.

### 4.6.5 Flutningur (úthýsing)

- **Húsbyggingatæknideild** hefur reynt að úthýsa einföldum rannsóknarstofumælingum og vettvangsskoðunum sem vinna má óháð staðsetningu. Þrátt fyrir viðleitnina hafa fáir getað tekið við þessum verkum og að auki hefur eftirspurnin ekki verið mikil. Einnig er bent á að samvinna deilda er mikilvæg þar sem sérfræðikunnátta nýtist þvert yfir deildir.
- **Útgáfu- og fræðsludeild** er ekki talin staðbundin þar sem tæknin er auðfærð milli landshluta. Upplýsingatæknin er það mikilvægasta í útgáfu og því er starfsemin óháð staðsetningu. Hins vegar má reikna með því að einhver stofnkostnaður fylgi slíkum tilfærslum.
- Mikil sérhæfing og sérfræðiþekking er kjarni starfsemi **Jarðfræði-/jarðtækni-deildar**. Þess vegna er ekki talið mögulegt að flytja burt verkefni.

### 4.6.6 Upplýsingatækni

- Fram kom í greiningu að **útgáfumál** stofnunarinnar eru óbundin núverandi staðsetningu þar sem þau mál eru að mestu komin í farveg upplýsingatækninnar. Upplýsingatækni er lykilþátturinn í allri útgáfu og er einnig notuð til að koma þekkingu og upplýsingum til fagaðila sem ófaglærðra.
- Ekki kom fram við greiningu **húsbyggingatæknideildar** að upplýsingatækni væri þar mikilvægari við sum verk en önnur. Hins vegar þjónar upplýsingatæknin deildinni vel við samskipti bæði innanlands sem við útlönd.
- **Jarðfræði-/jarðtæknideild** byggir mikið á upplýsingatækni í samskiptum sínum við viðskiptavini, samstarfsaðila og erlendar stofnanir.

### 4.6.7 Niðurstöður

**Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins** gegnir mjög fjölbreyttum verkefnum. Af hlutverki stofnunarinnar verður ekki greint að starfsemin sé bundin við höfuðborgina, hins vegar ber á það að líta að stofnunin er mjög vel tækjum búin til að uppfylla skyldur sínar gagnvart viðskiptavinunum sínum, en 95% þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu. Þar af leiðandi væri það vart af hagkvæmnisástæðum sem starfsemin yrði flutt til landsbyggðarinnar, nema ef deiliskipulag Keldnaholts yrði tekið til endurskoðunar þannig að þar yrði ekki lengur gert ráð fyrir

rannsóknarstarfsemi. Greining leiddi hins vegar í ljós að vafalaust mæ tti vinna hluta af ferli útgáfumála utan stofnunarinnar. Þá virðist sem bókasafni stofnunarinnar gæ ti verið betur fyrir komið sem hluta af sameinuðu bókasafni eða upplýsingamiðstöð rannsóknastofnana á Keldnaholti.

Þrátt fyrir þ essi rök sem mæ la með núverandi staðsetningu má bera saman hlutverk Orkustofnunar og RB með tilliti til aðgreiningar stjórnsýslu- og framkvæ mdahlutverks. Fram kom í greiningu að 1000-1500 þ jónustubeiðnir koma frá samfélaginu á ári hverju sem stofnunin leysir úr. Ef RB væ ri rekin eins og Orkustofnun þ á væ ri rannsóknarhlutinn sjálfstæ ð kostnaðar-/rekstrareining sem lyti lögmálum framboðs og eftirspurnar. Stjórnsýsluhluti stofnunarinnar myndi þ ví finna verkum stað líkt og orkumálahluti Orkustofnunar gerir nú, þ .e. hlutverk stjórnsýsluhluta RB væ ri að flytja verk úr húsi, t.d. með útboðum, og sjá fyrir fjármagni. Núverandi fyrirkomulag í fjármögnun stofnunarinnar er að hluta byggt á styrkjum. Ekki er ljóst hve mikið er byggt á þ jónustugjöldum og hvernig mæ tti gera reksturinn sjálfstæ ðari með innheimtu þ jónustugjalda, en þ ar með væ ri kominn grundvöllur til aðgreiningar stjórnsýsluhluta og framkvæ mda/rannsóknarhluta RB. Á þ að er bent að „þ jónusturannsóknir eru efnisprófanir og ýmsar rannsóknir sem framkvæ mdar eru að beiðni viðskiptavina og er greitt af þ eim að fullu samkvæ mt gjaldskrá, enda eiga viðskiptavinir niðurstöðurnar. Starfsemin er ekki niðurgreidd að neinu leyti og er haldið fullkomið bókhald yfir rekstur hennar. Stjórnvaldsverkefni stofnunarinnaer eru helst vottanir og er sú starfsemi innan við 5% rekstrarins. Fyrirkomulag votttunar uppfylla evrópska gæ ðastaðalinn EN 45011 um aðila sem votta tæ knilega eiginleika framleiðsluvara og sést á skipuritinu að þ essi starfsemi er sjálfstæ ð undirstjórn vottunarstjórnar þ ar sem fulltrúar hagsmunaaðila eiga sæ ti.

**Mynd 4.12 Yfirlit Rb.**



## 4.7 Samkeppnisstofnun

### 4.7.1 Hlutverk

Hlutverk Samkeppnisstofnunar er að „annast eftirlit með samkeppnishömlum, óréttmæ tum viðskiptaháttum, gagnsæ i markaðarins og greiðslukortastarfsemi. Hún sér jafnframt um framkvæ md samkeppnisreglna o.fl. samkvæ mt samningnum um EES og annast eftirlit með framkvæ md nokkurra sérlaga.“[22] Fjöldi starfsmanna Samkeppnisstofnunar er 22.

### 4.7.2 Verkefnagreining

**Mynd 4.13 Skipurit Samkeppnisstofnunar**




Kaflinn um verkefnagreiningu er samantekt úr viðtölum ráðgjafa PwC við þ á þ rjá starfsmenn Samkeppnis-stofnunar sem forstjóri og ráðgjafar PwC höfðu samráð um að kæ mu til viðtals. Forstjóri stofnunarinnar kom einnig til viðtals auk forsvarsmanna hvers sviðs stofnunarinnar. Skipurit stofnunarinnar liggur til grundvallar þ eirri nálgun sem valin var við greiningu verkefna. Þá er stuðst við greinargerð sem Samkeppnisstofnun sendi að beiðni PwC sem er yfirlit yfir starfsemi og rekstur stofnunarinnar. Í kjölfar athugana og úttekta sem fólust í viðtölum, skjalarýni og öðrum athugunum hafa ráðgjafar PwC tekið saman þ æ r upplýsingar sem hér fara á eftir. Samkvæ mt skipuriti skiptist starfsemin upp í þ rjú svið, en þ au eru samkeppnismál, stjórnsýsla og markaðsmál, og sem sjá má í töflu 4.10 ásamt helstu verkefnum. Teymisvinna er rauður þ ráður í starfsemi stofnunarinnar þ ar sem koma saman lögfræ ðingar, viðskipta- og hagfræ ðingar og funda um samkeppnismál sem eru kjarninn í starfsemi stofnunarinnar.

**Tafla 4.10 Starfsemi Samkeppnisstofnunar eftir sviðum.**

| Stjórnsýsla | Markaðsmál | Samkeppnismál |
|---|---|---|
| Skrifstofustjórn.<br>Gagnsæi markaðarins.<br>Útgáfustarfsemi.<br>Flutningsjöfnun. | Villandi upplýsingar<br>Óhæfilegar viðskiptaaðferðir.<br>Neytendalán.<br>Alferðir.<br>Greiðslukortastarfsemi.<br>Húsgöngu- og fjarsölusamingar | Samkeppnishamlandi samningar og ákvarðanir.<br>Markaðsyfirráð og samruni.<br>Verndaður opinber samkeppnis-rekstur<br>Samkeppnishamlandi laga-ákvæði og stjórnvaldsfyrirmæli. |

Heimild: Ársskýrsla 1999, Samkeppnisstofnun, bls. 7.

### 4.7.3 Viðskiptavinir Samkeppnisstofnunar

Samkeppnisstofnun þ jónar öllum landsmönnum, en helstu hópar eru:

- Fyrirtæ ki.
- Neytendur.

[22] Sjá „Verkefnavísar 2000“, bls. 269

- Stjórnvöld.
- Hagsmunasamtök.

### 4.7.4 Verkefnasvið

**Stjórnsýsla**
Verkefnum stjórnsýslusviðs er skipt í fjóra meginþ æ tti:
- almenn skrifstofa, s.s. tölvumál, bókhald og símsvörun;
- gagnsæ i markaðarins;
- útgáfu, s.s. ársskýrslur og kynningarstarfsemi;
- flutningsjöfnun sem lýtur að olíu- og sementsflutningum.

Innan stjórnsýslusviðs er of mikið **framboð** verkefna á almennu skrifstofunni og í málaflokknum gagnsæ i markaðarins. Hvort tveggja á sér skýringar í skorti á mannafla til starfa fyrir stofnunina sem helgast af of lágum fjárveitingum. Útgáfustarfsemi hefur minnkað mikið og er ekki lengur sinnt af sérstökum starfsmanni. Flutningsjöfnunin uppfyllir sitt hlutverk og framboð verka talið hæ filegt og er sinnt með þ eim tæ kjakosti og mannafla sem fyrir hendi er.

Stjórnsýslusviðið er **staðbundinn** hluti af Samkeppnisstofnun og verður að fylgja heildinni þ ar sem um stoðhlutverk er að ræ ða. Stoðhlutverkið skeytir almennri skrifstofu ávallt við heildina, þ á er gagnsæ i markaðarins einnig staðbundin starfsemi en af öðrum sökum, þ .e. þ orri neytenda býr á höfuðborgarsvæ ðinu.

Útgáfumál eru staðbundin vegna þ ess mannafla sem kemur að útgáfumálum. Í þ ví sambandi er nefnt að prófarkarlestur verði ávallt að fara fram innan stofnunarinnar eða næ rri henni þ ar sem prófarkarlestur snúist um innihald ekki síður en málfar. Í viðtölum kom fram að flutningsjöfnun er talin bundin við höfuðborgarsvæ ðið þ ar sem höfuðstöðvar viðskiptavinanna eru þ ar.

**Markaðsmál**
Helstu verkefni markaðsmálasviðs skiptast í sex þ æ tti, sem eru:
- eftirlit með óréttmæ tum viðskiptaháttum,
- eftirlit með lögum um neytendalán,
- eftirlit með lögum um alferðir,
- eftirlit með lögum um húsgöngu- og fjarsölu,
- verkefni á sviði norræ nna neytendamála,
- kynning á málum sviðsins.

Sviðið **annar ekki** verkefnum við eftirlit með óréttmæ tum viðskiptaháttum vegna manneklu á þ ví sviði. Það annar hins vegar vel eftirliti með lögum um neytendalán og með lögum um alferðir, en tekið er fram að þ ar sé lítið framboð verkefna þ ar sem kynningu sé ábótavant og þ ví vita neytendur ekki af þ essari þ jónustu.

Þá sinnir sviðið eftirliti með lögum um húsgöngu- og fjarsölu. Sá eftirlitsþ áttur er nýr og er ekki talið að komin sé reynsla á þ á starfsemi þ ar sem þ etta ábyrgðarsvið varð til í júní árið 2000. Framboð verkefna á sviði norræ nna neytendamála er of mikið og þ ar af leiðandi annar sviðið þ ví ekki. Því veldur mannfæ ð sökum fjárskorts.

Loks eru kynningarmál sviðsins tilgreind sem einn af helstu verkþ áttum markaðsmálasviðsins en verkefni á þ ví sviði hafa ekki verið mikil.

Þegar litið er til þ eirra þ átta sem**binda** starfsemi markaðsmálasviðsins við höfuðborgarsvæ ðið er fyrst horft til eftirlits með óréttmæ tum viðskiptaháttum. Sá verkþ áttur er staðbundinn að þ ví leyti að verkefnin berast frá utanaðkomandi aðilum, þ .e. fjölmiðlum, einstaklingum og atvinnulífinu. Þá er auglýsinganefnd staðsett á höfuðborgarsvæ ðinu og þ ar kemur saman þ ekking sérfræ ðinga utan

Samkeppnisstofnunar sem hún á í samstarfi við. Einnig er eftirlit með lögum um neytendalán staðbundið og skýrist þ að af staðsetningu þ orra neytenda á höfuðborgarsvæ ðinu. Þegar horft er til verkþ áttarins eftirlit með lögum um alferðir er þ að svið staðbundið af sömu ástæ ðum og eftirlit með lögum um neytendalán, þ ar sem flestir neytendur landsins eru staddir á höfuðborgarsvæ ðinu. Af eftirliti með lögum um húsgöngu- og fjarsölu er lítil reynsla komin og þ ví ekki mikið af þ eim þ æ tti að segja, annað en að sá þ áttur er í mótun innan sviðsins. Verkefni á sviði norræ nna neytendamála hangir saman við aðra þ æ tti stofnunarinnar og er þ ví bundin við höfuðborgarsvæ ðið ásamt kynningu á málefnum stofnunarinnar sem er bundin af nálæ gð við viðskiptavini og þ á sem sinna útgáfumálum og þ ví ferli.
Helstu viðskiptavinir sviðsins eru fyrirtæ ki og neytendur. Þessum viðskiptavinahópum og erindum þ eirra er sinnt af þ eim mannafla sem stofnunin hefur á að skipa en samskiptin eru helst í formi bréfaskrifta, vettvangsheimsókna og heimsókna viðskiptavina.

**Samkeppnismál**
Helstu verkefni samkeppnismálasviðs eru:

- mat og skoðun vegna nýrra mála,
- sjálfstæ ð gagnaöflun,
- úrvinnsla,
- greinargerðir til samkeppnisráðs,
- úrskurðir og álitsgerðir.

**Framboð** verkefna er meira en sviðið getur annað. Má þ að rekja til þ ess að ef sviðið æ tti að svara kröfum þ yrfti mun meiri mannafla. Forgangsröðun er þ ví lykilatriði í starfseminni. Verkefni eru í meginatriðum tvíþ æ tt, þ .e. verkefni vegna aðsendra erinda og/eða óska frá stjórnvöldum og verkefni að eigin frumkvæ ði. Mannaflaskortur kemur að sjálfsögðu fyrst niður á verkefnum að eigin frumkvæ ði.
Verkefni sviðsins eru, samkvæ mt viðtölum, flest**bundin** við höfuðborgarsvæ ðið, þ ar sem neytendur og aðilar sem eftirlit/skoðun snýr að eru flestir þ ar. Meðferð mála er flókið ferli þ ar sem teymisvinna er mjög mikilvæ gur þ áttur, sérstaklega vegna þ ess að greiningarvinna byggist mjög á mati, þ ar sem náið samráð milli sérfræ ðinga, viðskipta- og hagfræ ðinga og lögfræ ðinga er mikilvæ gt. Fram kom að eftirlit að frumkvæ ði sviðsins er of lítið utan höfuðborgarsvæ ðisins. Ennfremur kom fram að ekki er talið mögulegt að koma á útibúum, vegna slæ mrar nýtingar starfskrafta starfsmanna, nema um víðtæ ka samvinnu við skylda starfsemi annarra stofnana sé að ræ ða.

## 4.7.5 Upplýsingatækni

- **Markaðssvið** nýtir upplýsingatæ knina mest við eftirlit með óréttmæ tum viðskiptaháttum, við upplýsingaöflun sem og samskipti. Þá er upplýsingatæ knin mikilvæ g í norræ nu samstarfi og samskiptum sem stofnunin tekur þ átt í en upplýsingatæ knin nýtist í öllum þ áttum og störfum stofnunarinnar.
- **Stjórnsýslusvið** reiðir sig helst á upplýsingatæ kni við útgáfu en ársskýrslur eru gefnar út á rafræ nu formi í stað prentunar áður. Útgáfa ársskýrsla hefur verið fæ rð á netið í sparnaðarskyni.
- **Samkeppnissvið** byggir mest á upplýsingatæ kninni í samskiptum sínum við aðila að málum. Hún er einnig mikilvæ g í samskiptum við systurstofnanir og aðra aðila erlendis.

### 4.7.6 Flutningur (úthýsing)

- **Markaðsmálasvið** sinnir eftirlitshlutverki og þeir aðilar sem eftirlitið beinist að eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Eftirlitshlutverk markaðssviðs er því bundið við höfuðborgarsvæðið en önnur starfsemi gæti verið staðsett annars staðar þar sem úrvinnsla gagna færi fram. Markaðsmálasvið hefur þegar gert samninga um þýðingarvinnu utan höfuðborgarsvæðisins sem hefur aukist vegna þátttöku í norrænum neytendamálum. Þá er bent á að eftirlit með útgáfu auglýsingabæklinga og landshlutablaða sé ábótavant þar sem útgáfa slíks efnis sé umfram getu markaðsmálasviðs að vinna úr. Auk útgáfunnar er markaðssviði skylt að sinna eftirliti með auglýsingum á netinu en sviðið annar því ekki. Í því sambandi er því velt upp að eftirlit með slíkri starfsemi sé ekki staðbundið svo fremi sem eftirlitsaðila berist eftirlitsskyld gögn.
- Fram kom að innan **stjórnsýslusviðs** megi úthýsa útgáfumálum þar sem tækni til slíks er aðgengileg en sviðið hefur þegar gert samninga um þýðingar milli dönsku og íslensku sem unnar eru á landsbyggðinni. Bent er á að einkaaðilar geti ekki sinnt verkefnum Samkeppnisstofnunar á landsbyggðinni nema að undangengnum lagabreytingum. Þetta kemur til af því að Samkeppnisstofnun hefur lagaheimild til þess að framkvæma kannanir sem einkaaðilar hafa ekki. Eftirlit með samræmi verðmerkinga vöru í hillum verslana og þess verðs sem greitt er, hvílir hjá stjórnsýslusviði en þeim þætti er lítt hægt að sinna sökum fjárskorts.
- Ekki er talið mögulegt að úthýsa verkefnum er snúa að **samkeppnismálum**. Til þess þurfi mjög mikla þátttöku reyndra sérfræðinga og talið er að með dreifingu á verkefnum á fleiri aðila/stofnanir muni kostnaður vaxa mikið.

### 4.7.7 Niðurstöður

Samkeppnisstofnun og FME eru stofnanir sem seldar eru undir áþekkar forsendur hvað varðar núverandi staðsetningu. Samkeppnisstofnun hefur eftirlitsskyldu með starfsemi sem er að miklum hluta á höfuðborgarsvæðinu, slík starfsemi er þó á engan hátt bundin höfuðborginni og er til um land allt. Stærðarhlutföll markaðssvæða landsins eru hins vegar augljós og því virðist það ekki þjóna tilgangi að færa starfsemi Samkeppnisstofnunar út á landsbyggðina. Hins vegar er nauðsynlegt að starfsemi Samkeppnisstofnunar nái til landsbyggðarinnar og samkvæmt greiningu er þar misbrestur á sem hefur verið skýrður með fjárskorti. Þar af leiðandi er eftirliti með samkeppnisháttum áfátt á landsbyggðinni auk eftirlits með auglýsingum á landsvísu þar sem þær birtast í landshlutablöðum og á netinu. Það mætti því kanna hagkvæmni þess að stofna lítið útibú stofnunarinnar á landsbyggðinni sem hefði með höndum eftirlit með auglýsingum í landsmálablöðum, auglýsingum á internetinu og útgáfumálum, sem og verðkannanir á landsbyggðinni, og sinnti einnig öðrum verkefnum sem til falla vegna tímabundinna anna Samkeppnisstofnunar.

**Mynd 4.14 Yfirlit Samkeppnisstofnunar.**



# 5 Aðstæður til viðtöku verkefna á landsbyggðinni

## 5.1 Orsakir byggðaröskunar og leiðir til úrbóta

Flutningur stofnana frá höfuðborgarsvæ ðinu á landsbyggðina er ekki auðveld aðgerð. Margir þ æ ttir þ arfnast athugunar áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Fyrir utan greiningu sem þ essa, sem hefur fyrst og fremst snúist um að kanna hvort unnt sé að fæ ra einstök verkefni eða stofnanir úr stað, er nauðsynlegt að meta hverjir geti hugsanlega tekið við þ eim verkefnum eða stofnunum sem kunna að verða fæ rðar milli staða. Þannig hefur þ essi úttekt næ r eingöngu fjallað um þ arfir stofnana og atvinnulífs almennt, en lítið komið inn á þ arfir íbúa á landsbyggðinni.

Í viðtölum við starfsmenn stofnana kom ítrekað fram að möguleikar til flutnings verkefna eða stofnana væ ru takmarkaðir. Takmörkunin felst að hluta í þ ví að jafnan er þ orri viðskiptavina hverrar stofnunar á höfuðborgarsvæ ðinu og þ eim er ekki eingöngu hæ gt að sinna með nútíma upplýsinga- og fjarskiptatæ kni. Þar af leiðandi er starfsemin oft bundin við núverandi staðsetningu. Einnig var bent á þ æ tti eins og tæ kjakost og sérhæ ft húsnæ ði sem gerir flutning kostnaðarsamari.

Fram hefur komið í viðtölum við starfsmenn að þ eir óttist að samsetning nauðsynlegrar þ ekkingar náist ekki utan höfuðborgarsvæ ðisins. Þar af leiðandi geti þ að skapað vandamál ef ekki tekst að viðhalda nauðsynlegri eða næ gilegri þ ekkingu til að viðhalda starfseminni eftir flutning stofnana. Jafnan er á þ að bent að flutningar stofnana til landsbyggðarinnar geti haft í för með sér aukinn kostnað.

Þingsályktunartillagan frá þ ví í mars 1999 lýsir vilja Alþ ingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001 og er ríkisstjórn falin framkvæ md tillögunnar sem aðgreind er í þ rjá meginflokka:

- nýsköpun í atvinnulífinu
- menntun, þ ekking, menning
- jöfnun lífskjara – bæ tt samkeppnisstaða.

Þessar áherslur stjórnvalda eru í samræ mi við niðurstöður nýjustu rannsókna í byggðamálum sem Byggðastofnun hefur meðal annars tekið saman: „Aðalorsakir fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæ ðisins eru breyttir hæ ttir í landbúnaði og fiskveiðum, fábreytt atvinnulíf, aukinn hluti þ ekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks"[23]

Æ tla má að nýsköpun í atvinnulífinu sé sá þ áttur sem brenni á landsbyggðarfólki og þ ví sé brýnast að svala þ eirri þ örf og í þ ví samhengi er þ að án efa eðlilegt að kanna möguleika á flutningi ríkisstarfsemi til landsbyggðarinnar. Þannig leggur ríkið sitt af mörkum hvað núverandi starfsemi varðar en þ að er vart nýmæ li eða nýsköpun að fæ ra hluti eða þ ekkingu milli staða. Slíkar aðgerðir eru þ ó í fullu samræ mi við byggðastuðning í öðrum löndum og hjá Evrópusambandinu. Flutningur þ róunarsviðs Byggðastofnunar til Sauðárkróks og efling atvinnuþ róunarfélaganna samhliða þ ví er skýrt dæ mi um aðgerðir af þ essu tagi[24].

[23] Sbr. Byggðastofnun, nóvember 1999, *Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum, bls 3.*
[24] Sbr. sama rit, bls 5-6. Einnig Stefán Ólafsson, apríl 1999, *Byggðavandinn og nýja byggðastefnan – Orsakir byggðaröskunar og aðgerðir til úrbóta*. Unnið fyrir Byggðastofnun.

Niðurstöður rannsókna á búferlaflutningum gefa til kynna að nýsköpun í atvinnulífinu eða nýbreytni sé ekki lykilatriði sem hamlað geti búferlaflutningum frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Rannsóknir benda til þess að vöruúrval og menningarlíf skipi æðri sess í hugum fólks sem flytur búferlum en atvinnutækifæri, atvinnuöryggi, verðlag eða tekjuöflunarmöguleikar.[25] Þessi vísbending styrkist þegar kannað er sambandið milli búferlaflutinga og hagvaxtar en þar kemur fram að búferlaflutningar aukast með auknum hagvexti og með minnkandi hagvexti dregur úr búferlaflutningum. Á hinn bóginn tengjast flutningar til höfuðborgarsvæðisins og atvinnuleysi sterkum böndum þannig að aukið atvinnuleysi og auknir búferlaflutningar fara ávallt saman.[26] Viðleitnin sem birtist í þingsályktunartillögunni sem áður var vísað til er því í skýru samhengi og er einn þeirra þátta sem ríkið getur lagt af mörkum til að sporna við búferlaflutningum.

Rannsóknirnar sem vísað er til benda þó til að fleira þurfi að koma til, s.s. menningarlíf og vöruúrval, en þingsályktunartillagan gefur til kynna að þeir þættir verði einnig skoðaðir. Þar af leiðandi er verkefnagreining innan stofnana ráðuneytanna aðeins hluti af því að koma til móts við fyrsta þátt þingsályktunartillögunnar því búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins eiga sér fleiri skýringar en fjölbreytni í atvinnulífinu. Því má draga þá ályktun að mikilvægt sé að uppfylla þarfir landsbyggðar hvað varðar félagslegar aðstæður, menningarlíf og jöfnun samkeppnisaðstöðu þar sem rannsóknir sýna að þessir þættir séu hvað mikilvægastir varðandi orsakir búferlaflutninga.

Á allra síðustu árum hafa sérfræðingar á sviði byggðamála farið að draga fram nýjar orsakir búseturöskunar sem aðeins var minnst á hér að framan. Það eru einkum tveir þættir sem bæði erlendar og íslenskar kannanir hafa dregið fram; þekkingarþjóðfélagið og breytt gildismat fólks. Þessir orsakaþættir eru innbyrðis tengdir og hafa áhrif hvor á annan. „Aukin hagræðing hefur leitt til fækkunar starfa í beinni framleiðslu, en þess í stað hafa skapast ný störf í alls kyns þekkingariðnaði tengdum framleiðslunni, s.s. tækniþróun, menntun og markaðsmálum… Talað er um að störfum á landsbyggðinni fækki vegna hagræðingar en þau eru oft í raun og veru að færast til, frá frumvinnslu á landsbyggðinni yfir í afleidd störf sem í langflestum tilvikum lenda á höfuðborgarsvæðinu. Þessari þróun verður að snúa við með auknum rannsóknum og nýsköpun á landsbyggðinni. Til þess að þetta sé mögulegt verður sá mannauður að vera fyrir hendi sem þarf til að taka við þekkingariðnaði. Það tekur tíma að byggja hann upp en möguleikarnir á að auka menntun hafa aukist til muna með fjarkennslu. Mikilvægt er að byggja upp rannsóknar- og þróunarstarfsemi á landsbyggðinni. Það er ekki nóg að vinna rannsóknirnar í Reykjavík og senda síðan skýrslu út á landsbyggðina, heldur verður að framkvæma sjálfar rannsóknirnar á landsbyggðinni og byggja þar með upp þekkingu sem þarf til að nýta niðurstöðurnar og byggja síðan á þeim nýjar áherslur.“[27]

Breytt gildismat og ný viðhorf fólks og þá einkum ungs fólks, stafar m.a. af aukinni menntun, ferðalögum og áhrifum fjölmiðla. Hin nýju viðhorf einkennast af:

- Nýsköpun
- Alþjóðahyggju

[25] Sbr. Stefán Ólafsson, 1997, *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferla*, www.bygg.is [04.10.2000]
[26] Sbr. sama rit
[27] Sbr. Byggðastofnun, nóvember 1999, *Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum, bls 25.*

- Hreyfanleika í búsetu
- Sjálfstæði
- Jafnrétti milli kynja, þjóðflokka og trúarhópa
- Vaxandi áhuga á umhverfismálum, menningu og bættum lífskjörum

Þessar nýju áherslur leiða einfaldlega til aukinna búferlaflutninga og þeir staðir sem bjóða upp á meiri fjölbreytni í þessum efnum eru eftirsóknarverðir. Þar af leiðandi hefur höfuðborgarsvæðið forskot á landsbyggðina.[28]

Af þessu má ráða, að jafnframt því að kanna möguleika á flutningum verkefna eða stofnana til landsbyggðarinnar þurfi einnig að greina aðrar mikilvægar þarfir og ný viðhorf fólks á landinu öllu. Ef þessum þörfum er ekki sinnt að sama skapi og atvinnumöguleikum þá hrökkva flutningar á ríkisstarfsemi skammt til að sporna við búferlaflutningum. Hins vegar kann það að vera álitið að með auknu atvinnuframboði náist fram jafnvægi í byggðamálum og að í tímans rás muni hvert samfélag skapa sér sitt menningarumhverfi sem standi undir væntingum um fjölbreytt menningarlíf. Jöfnun samkeppnisstöðu og fólksfjöldi geta einnig haldist í hendur, þar sem fjöldinn er forsendan fyrir sterkari samkeppnisstöðu og fjölbreyttu menningarlífi.

## 5.2 Reynsla af flutningi annarra stofnana frá Reykjavík út á land

Flestar stofnanir sem fluttar hafa verið út á land hafa verið litlar einingar. Má þar nefna Skógrækt ríkisins, Veiðistjóraembættið, Lánasjóð landbúnaðarins, þróunarsvið Byggðastofnunar og innanlandssvið Ferðamálaráðs. Flutningur Landmælinga Íslands til Akraness er undantekning frá þessu, en þar starfa 32 starfsmenn. Í heildina er reynslan af flutningi stofnunarinnar góð, þrátt fyrir að meirihluti starfsmanna hafi kosið að hætta störfum hjá stofnuninni í kjölfar þess að ákveðið var að flytja hana. Í dag er einungis um 1/3 af fyrri starfsmönnum stofnunarinnar enn í starfi, 2/3 eru því nýir starfsmenn. Að sögn forstjóra stofnunarinnar reyndist auðvelt að manna þessar stöður og sem dæmi má nefna að um 10 manns sóttu um hverja stöðu sem auglýst var. Flutningurinn og breytingar í starfsmannahaldi hefur auk þess leitt til þess að menntunarstig starfsmanna hefur hækkað; í dag eru um 70% starfsmanna með háskólapróf samanborið við um 50% áður. Þó ber að hafa í huga að af þeim starfsmönnum sem ákváðu að starfa áfram hjá stofnuninni (1/3) eftir flutninginn hefur aðeins einn flutt með henni á Akranes, aðrir búa áfram í Reykjavík. Samhliða flutningi stofnunarinnar var unnið að stefnumótun sem skilað hefur góðum árangri. Ráðist hefur til starfa vel menntað og áhugasamt starfsfólk og það tókst að viðhalda þekkingargrunni stofnunarinnar, ásamt því að skipulag, aðbúnaður og tækni var fært í betra horf en áður var.[29]

Hliðstæða sögu er að segja af þróunarsviði Byggðastofnunar og hefur nú verið ákveðið að flytja stofnunina í heild sinni til Sauðárkróks. Reynslan af flutningi og uppbyggingu þróunarsviðsins á Sauðárkróki sýnir að staðsetningin hefur ekki hindrað að hæft fólk fáist til starfa, en þó eru einhver dæmi um að erfitt hefur verið fyrir maka starfsmanna að fá vinnu við hæfi. Nú starfa 7 starfsmenn hjá þróunarsviðinu, allir háskólamenntaðir, auk ritara í hálfri stöðu sem einnig starfar fyrir fleiri aðila í

[28] 28 Sbr. Byggðastofnun, nóvember 1999, *Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum* bls. 25-26.
[29] PricewaterhouseCoopers, júní 2000, *Hagkvæmnisathugun á flutningi Byggðastofnunar til Sauðárkróks*, skýrsla unnin fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Stjórnsýsluhúsinu á Sauðárkróki. Þróunarsvið stofnunarinnar hefur eflst í kjölfar endurskipulagningar á starfsemi þess eftir flutning til Sauðárkróks. Flestir eru sammála um að það sinni hlutverki sínu betur en áður og sé í mun betri tengslum við umbjóðendur sína og samstarfsaðila á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir því að flutningur annarra deilda Byggðastofnunar til Sauðárkróks sé mjög hagkvæmur og árleg lækkun launakostnaðar vegna hagræðingaráhrifa gæti verið allt að 5 m.kr. miðað við óbreytta starfsemi að öðru leyti.

Þó ber að hafa í huga að flutningur stofnunarinnar til Sauðárkróks færir hana úr alfaraleið flugsamgangna og því yrði heimsókn í Byggðastofnun ekki hluti af erindum sem viðskiptavinir sinna þegar þeir koma til Reykjavíkur, eins og verið hefur. Að öðru leyti er vandséð hvaða áhrif flutningur hefði á þjónustu við viðskiptavini.
Nútíma samskiptatækni býður einnig upp á marga möguleika í þessum efnum: sími, fax, tölvupóstur og internetið. Byggðastofnun rekur Byggðabrúna, sem er myndfundatækni til samskipta við samstarfsaðila um allt land. Því verður að gera ráð fyrir að þjónustan geti verði með því sem næst óbreyttum hætti þótt stofnunin flytji til Sauðárkróks.

Hvort sem um er að ræða Landmælingar eða Byggðastofnun þá skapa breytingarnar tækifæri sem unnt er að nýta til framfara fyrir starfsemina. Hins vegar hefur flutningur stofnana yfirleitt neikvæð áhrif fyrir starfsmenn og í flestum tilvikum hafa starfsmenn fremur kosið að hætta störfum en flytja með stofnununum. Flutningur stofnana milli landshluta er því oftast ávísun á miklar breytingar í starfsmannahaldi.[30] Til þess að reyna að koma í veg fyrir þessi neikvæðu áhrif hafa margir bent á að æskilegt sé að staðsetja nýjar stofnanir ríkisins úti á landi í upphafi.[31] Slík tækifæri virðast þó lítið hafa verið nýtt af stjórnvöldum og eru Fiskistofa, Sjávarútvegsskóli SÞ[32] og Persónuvernd dæmi um slíkt.

Að lokum má nefna að PricewaterhouseCoopers vinnur nú að annarri skýrslu fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið: „Hagkvæmnisathugun á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar“, þar sem gert er ráð fyrir að samlegðaráhrifin verði mjög mikil og flutningur nýrra starfa til Akureyrar geti haft mikil margföldunaráhrif og skili sér smá saman í frekari þekkingaruppbygginu á svæðinu. „Ekki liggur fyrir hversu hröð þessi áhrif verða en þegar flutningurinn hefur átt sér stað og áhrifin hafa að fullu skilað sér má gera ráð fyrir því að íbúum Akureyrar fjölgi um 4,4 fyrir hvert starf sem flyst norður.“[33]

Að auki er gert ráð fyrir að þekkingar- og tæknistörfum fjölgi nokkuð við þessa flutninga. „Í *Byggðastefnu til nýrrar aldar* sem Byggðastofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri tóku saman í maí 1998, segir að hlutfallslega séu mun fleiri sérfræðingar „á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni árið 1996, eða um 18% á móti 8%. Þetta þýðir einfaldlega að forsendur fyrir nýsköpun, þekkingu og færni þeirra sem henni eiga að hrinda í framkvæmd, er umtalsvert meiri á

[30] Sjá sömu heimildir hér á undan.
[31] Stefán Ólafsson, apríl 1999, *Byggðavandinn og nýja byggðastefnan – Orsakir byggðaröskunar og aðgerðir til úrbóta.* Unnið fyrir Byggðastofnun.
[32] Þorsteinn Gunnarsson, *Er von fyrir landsbyggðina?* Erindi flutt á landsþingi BSRB, 26.10.2000.
[33] PricewaterhouseCoopers, desember 2000, *Drög að hagvkæmnisathugun á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar,* skýrsla unninn fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

höfuðborgarsvæ ðinu heldur en á landsbyggðinni.“ Þá kemur fram í skýrslunni að íbúar á hvern tæ knimann á höfuðborgarsvæ ðinu voru 261, en 1.058 á landsbyggðinni. Að lokum kemur fram í tillögum höfunda að „stórefla [þ urfi] tæ kni- og verkmenntun á landsbyggðinni“[34].

Þegar horft er til þ ess sem sagt hefur verið hér á undan um orsakir byggðaröskunar og reynsluna af flutningi stofnana út á land þ á má álykta sem svo að samfara slíkum ákvörðunum þ á þ arf að bæ ta aðstæ ður og lífskjör íbúa víðast hvar á landsbyggðinni til þ ess að gera stórfellda flutninga af þ essu tagi raunhæ fa. Reynslan frá Norðurlöndunum sýnir m.a. að stæ rð og aðstæ ður á þ eim svæ ðum sem taka eiga við aðfluttum stofnunum skiptir verulegu máli um þ að hvernig til tekst þ egar upp er staðið[35].

[34] Ingi Rúnar Eðvarðsson, maí 1998, *Byggðastefna nýrrar aldar*, Byggðastofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

[35] Norsk Statskonsult og Andersen consulting, 1998, *“Den sentrale forvaltningen av de landbrukspolitiske virkemidlene. Samordning og eventuelt utlokalisering”.*

# 6 Heimildir

„Árangursstjórnarsamningur við Einkaleyfastofu.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

„Árangursstjórnarsamningur við Iðntæ knistofnun Íslands.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

„Árangursstjórnarsamningur við Löggildingarstofu.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

„Árangursstjórnarsamningur við Orkustofnun.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

„Árangursstjórnarsamningur við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

„Árangursstjórnarsamningur við Samkeppnisstofnun.“ Stjórnarráð Íslands. Aðgengilegt: www.stjr.is [28.08.2000].

Ársskýrsla 1999. Einkaleyfastofan.

Ársskýrsla 1997. Iðntæ knistofnun.

Ársskýrsla 1998. Iðntæ knistofnun.

Ársskýrsla 1999. Iðntæ knistofnun.

Ársskýrsla 1997. Orkustofnun. Aðgengilegt: www.os.is [07.09.2000].

Ársskýrsla 1998. Orkustofnun. Aðgengilegt: www.os.is [07.09.2000].

Ársskýrsla 1998. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, mars, 1999.

Ársskýrsla 1999. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, mars, 2000.

Ársskýrsla 1999. Samkeppnisstofnun.

*Byggðastofnun. *Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum.* Nóvember, 1999.

„Einkaleyfi: Greinargerð nefndar.“ Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, júní, 1999.

„Fjármálaeftirlitið: Ársreikningur 1999.“ Ríkisendurskoðun, júlí, 2000.

Fréttabréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, maí 2000.

„Hugmyndir einkaleyfastofu um verkefni sem ‘flytja’ mæ tti út frá stofnuninni.“ Bréf Einkaleyfastofu til iðnaðarráðherra 07.03.2000.

Ingi Rúnar Eðvarðsson. *Byggðastefna nýrrar aldar*. Byggðastofnun og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, maí, 1998.

„Könnun á hagkvæ mni flutnings verkefna eða starfsemi Iðntæ knistofnunar út á landsbyggðina: Gögn fyrir ráðgjafa PwC.“ Iðntæ knistofnun, 29. september, 2000.

Lög um einkaleyfi nr. 17/1991.

„Löggildingarstofa,“ Löggildingarstofa. Aðgengilegt: www.ls.is [03.10.2000].

„Minnisatriði vegna heimsóknar PwC, 22. september 2000,“ bls. 1. Löggildingarstofa, 2000.

Norsk Statskonsult og Andersen consulting, 1998, *“Den sentrale forvaltningen av de landbrukspolitiske virkemidlene. Samordning og eventuelt utlokalisering”.*

„Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni.“ Iðntæ knistofnun, 1999.

PricewaterhouseCoopers. *Hagkvæmnisathugun á sameiningu Rafmagnsveitna ríkisins og Veitustofnana Akureyrarbæjar.* Drög að skýrslu fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, nóvember, 2000.

PricewaterhouseCoopers, júní 2000, *Drög að hagkvæmnisathugun á flutningi Byggðastofnunar til Sauðárkróks*, skýrsla unninn fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins (2000). „Deildir og starfssvið“, www.rabygg.is [03.10.2000]

Ríkisstjórn Íslands, maí 1999, *“Í fremstu röð á nýrri öld – Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks”*,bls. 2.

„Samningsstjórnun við Rb: Ársskýrsla 1997.“ Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, mars, 1998.

„Samstarf til sóknar.“ Rannsóknarráð Íslands, desember, 1999.

„Starfsemi og skipulag.“ Orkustofnun. Aðgengilegt: www.os.is [07.09.2000].

Stefán Ólafsson (1997). „Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.“ Aðgengilegt: www.bygg.is. Byggðastofnun, nóvember, 1997. [04.10.2000].

Stefán Ólafsson (1999). *Byggðavandinn og nýja byggðastefnan – Orsakir byggðaröskunar og aðgerðir til úrbóta*. Byggðastofnun, apríl, 1999.

„Um FME“ (2000). Fjármálaeftirlitið. Aðgengilegt: www.fme.is [28.09.2000].

*Verkefnavísar 2000: Mælingar á starfsemi ríkisins*(2000). Fjármálaráðuneytið, október 1999.

Þingsályktunartillaga um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999-2001.

Þorsteinn Gunnarsson (2000). „Er von fyrir landsbyggðina?“ Erindi flutt á landsþ ingi BSRB, 26.10.2000.

# 7 Viðaukar

**Viðauki A. Ábendingar um hagræðingu í ríkisrekstri.**

Í samtölum við starfsmenn stofnana og í greiningarvinnu ráðgjafa PwC komu fram ýmsar hugmyndir sem ekki snúa að flutningi verkefna eða stofnana út á land, en snerta ýmsar mögulegar breytingar eða hagræðingu í rekstri. Ástæða þykir til að telja upp þessar hugmyndir ef þær kynnu að verða að einhverju gagni fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eða stjórnvöld almennt.

Í viðtölum við starfsmenn ITÍ og RB komu meðal annars fram ábendingar um að hægt væri að hagræða í rekstri og ná fram betri árangri með frekara samstarfi eða jafnvel sameiningu rannsóknastofnana atvinnuveganna og e.t.v. fleiri stofnana. Þannig myndi starfsemin styrkjast og eflast, og jafnframt væri hægt að einkavæða eða færa til annarra fyritækja þá starfsemi sem nú er í beinni samkeppni við einkafyrirtæki á markaðnum. Einnig var bent á frekara samstarf á sviði fræðslu- og útgáfumála og að sameining bókasafna þessara stofnana og fleiri aðila á Keldnaholti gæti sparað nokkra fjármuni.

Tölvuþjónusta við rannsóknastofnanir á Keldnaholti verði sameiginleg, sé hún það ekki fyrir.

Bókasöfn og samnýting bókasafns- og upplýsingafræðinga milli rannsóknastofnana á Keldnaholti.

Sameiginlegt útboð/fyrirkomulag heimasíðugerðar/viðhalds fyrir stofnanir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis.

Eftirliti með persónuhlífum er sinnt af Löggildingarstofu þegar þær eru til einkanota en eftirliti er sinnt af Vinnueftirlitinu þegar persónuhlífar eru nýttar við vinnu. Þarna mætti huga að samnýtingu og hagræðingu.

Eftirlit með gasgrillum er á höndum Vinnueftirlits sem hefur eftirlit með gaskútnum, Brunamálastofnun hefur eftirlit með leiðslum gasgrilla og Löggildingarstofa hefur eftirlit með grillinu. Athuga þarf hvort ekki er hagkvæmara að hafa þetta eftirlit á höndum sama aðila.

Varðveisla landsmæligrunna LS gæti verið betur fyrirkomið hjá ITÍ eða hjá OS þar sem hjá LS starfa helst sérfræðingar í stjórnsýslulegum málefnum.

Rannsóknir LS með Lögreglu og Vinnueftirliti vegna bruna eða tjóns af völdum rafmagns má fela skoðunarstofu eða öðrum einkaaðilum.

## Viðauki B – Fjármögnun stofnana, m.t.t. sértekna, fjárveitinga, gjalda.

**Einkaleyfastofa:** Fjármögnun.

| Ár | Sértekjur | Rekstrargjöld |
|---|---|---|
| 1997 | 53,3 | 38,8 |
| 1998 | 78,4 | 52,9 |
| 1999 | 92,2 | 56 |

| | Alm.rekstur ELS | Stofnkostnaður | Gjöld samtals | Hlutdeild í ríkistekjum |
|---|---|---|---|---|
| 1998 | 40,5 | 3,3 | 43,8 | 43,8 |
| 1999 | 52,7 | 4,8 | 57,5 | 57,5 |
| 2000 | 52,7 | 4,4 | 57,1 | 57,1 |

**Fjármálaeftirlitið:** Fjármögnun

| Ár | Tekjur í m.kr. | Gjöld í m.kr. | Sértekjur |
|---|---|---|---|
| 1999 | 209,9 | 174,6 | 10,1 |

**Orkustofnun:** Fjármögnun

| Ár | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | 189,6 | 319,4 | 440,0 |
| Heildartekjur | 431,5 | 535,4 | 661,3 |
| Gjöld | 443,5 | 536,8 | 615,8 |

**Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins:** Fjármögnun.

| Ár | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | 130,0 | 150,0 | 165,0 |
| Fjárveiting | 59,0 | 60,0 | 61,0 |
| Heildartekjur | 189,0 | 210,0 | 226,0 |

**Samkeppnisstofnun:** Fjármögnun.

| | 1997 | 1998 | 1999 |
|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður | 86,8 | 93,8 | 102,0 |
| Sértekjur | 0,419 | 0,597 | 3,6 |

**Iðntæknistofnun:** Fjármögnun.

| Ár | | Umhverfis- og efnatæknisvið | Fræðslusvið | Nýsköpunar- og framleiðslusvið | Efnistæknisvið | Matvælatækni svið | Líftæknisvið |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1997 | | | | | | | |
| | Sértekjur | 30,0 | | | | 32,0 | 26,0 |
| | Heildartekjur | 37,0 | 50,0 | 65,0 | 73 | 40,0 | 41,0 |
| | Gjöld | 39,0 | 51,0 | 68,0 | 73 | 45,0 | 40,0 |
| 1998 | | | | | | | |
| | Sértekjur | 34,4 | 40,2 | 49,3 | 62,1 | 37,4 | 30,4 |
| | Heildartekjur | 42,4 | 54,3 | 72,8 | 80,4 | 53,3 | 44,4 |
| | Gjöld | 39,9 | 56,0 | 73,1 | 79,5 | 56,8 | 44,8 |

| | | Umhverfis- og efnatæknideild | Fræðsludeild | Efnis- og fram-leiðslutæknideild | Efnagreiningar Keldnaholti | Matvælarann-sóknir | Stjórnunar- og rekstrartæknideild | Impra | Skrifstofa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | | | | | | | | | |
| | Sértekjur | | | | | | | | |
| | Heildartekjur | 10,0 | 49,1 | 63,0 | 29,0 | 72,0 | 9,8 | 77,3 | 86,6 |
| | Gjöld | 14,6 | 50,6 | 63,0 | 29,3 | 74,5 | 11,2 | 76,9 | 94,9 |

**Löggildingarstofa:** Fjármögnun.

| Ár | | Skrifstofa og yfirstjórn | Lögmælifræði deild | Markaðsgæslu-deild | Mælifræði deild | Rafmagns-öryggisdeild | Faggildingar-svið | Gæðadeild | Biðlaun | Innréttingar Borgartún 21 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1998 | | | | | | | | | | |
| | Sértekjur | 0,0 | 6,7 | | 0,6 | 1,3 | | | | |
| | Heildartekjur | | | | | | | | | |
| | Gjöld | 51,5 | 7,1 | 14,4 | 14,2 | 56,8 | 11,8 | 3,5 | 0,1 | 0,0 |
| 1999 | | | | | | | | | | |
| | Sértekjur | 4,3 | 1,7 | | 3,5 | 0,7 | | | | |
| | Heildartekjur | | | | | | | | | |
| | Gjöld | 55,0 | 9,5 | 15,6 | 12,3 | 57,8 | 16,3 | 0,9 | 0,0 | 2,8 |

## Viðauki C. Starfsmenn stofnana: Starfsaldur, menntun.

| Einkaleyfastofa | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Fæðingarár** | **Hóf störf** | **Starfsaldur** | **Menntun** | **Staða** |
| 1951 | 1994 | 7 | Doktor (Dr) | Deildarstjóri |
| 1966 | 1991-1995/2000 | 5 | Efnaverkfræðingur | Deildarsérfræðingu |
| 1970 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1975 | 2000 | 1 | Lögfræðinemi | Fulltrúi |
| 1975 | 1998 | 3 | B.A. (háskpróf) | Fulltrúi |
| 1964 | 1990 | 11 | Lögfræðingur | Deildarstjóri |
| 1969 | 1997 | 4 | Lögfræðingur | Ótilgreint (barnsbleyfi) |
| 1979 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1979 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1958 | 1993 | 8 | B.A. (hásk.prof) | Fulltrúi |
| 1974 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1979 | 1999 | 2 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1953 | 2000 | 1 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 1973 | 2000 | 1 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 1961 | 1996 | 5 | Ótilgreint | Fulltrúi (barnsb.leyfi) |
| 1978 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 1949 | 1994 | 7 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| 1974 | 1999 | 2 | Ótilgreint | Netstjóri |
| Meðalaldur | | Meðalstarfsaldur | | |
| 1968 | | 3,4 | | |
| 32 | | | | |

Einkaleyfastofa eftir menntun, fjöldi starfsmanna 18.



| Fjármálaeftirlitið | | | |
|---|---|---|---|
| **Aldur** | **Starfsaldur** | **Menntun** | **Staða** |
| 28 | 1 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 30 | 5 | Hagfræðingur | Ótilgreint |
| 25 | 0,5 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 39 | 2 | ótilgreint | Skrifstofumaður |
| 37 | 0 | ótilgreint | Skrifstofumaður |
| 38 | 6 | ótilgreint | Skrifstofumaður |
| 58 | 33 | ótilgreint | eftirlitsmaður |
| 42 | 12 | Kerfisfræðingur | Ótilgreint |
| 38 | 7 | Tölfræðingur | Ótilgreint |
| 60 | 6 | ótilgreint | eftirlitsmaður |
| 38 | 15 | Tölvunarfræðingur | Ótilgreint |
| 42 | 14 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 30 | 2 | Viðskiptafræðingur | Ótilgreint |
| 42 | 13 | Viðskiptafræðingur | Ótilgreint |
| 46 | 29 | ótilgreint | Skrifstofumaður |
| 47 | 25 | Kerfisfræðingur | Ótilgreint |
| 50 | 24 | Kerfisfræðingur | eftirlitsmaður |
| 35 | 10 | Alþjóðasamskiptafræðingur | Ótilgreint |
| 32 | 2 | Lögfræðingur | Forstjóri |
| 52 | 22 | Löggiltur endurskoðandi | Aðstoðar forstjóri |
| 39 | 14 | Lögfræðingur | Ótilgreint |
| 34 | 9 | Viðskiptafræðingur | Ótilgreint |
| 47 | 3 | ótilgreint | Skrifstofumaður |
| 53 | 28 | Viðskiptafræðingur | Ótilgreint |
| Meðalaldur | Meðalstarfsaldur | | |
| 41 | 12 | | |

Fjármálaeftirlitið eftir menntun, fjöldi starfsmanna 24.



## Iðntæknistofnun

| Aldur | Hóf störf | Starfsaldur | Menntun | Staða |
|---|---|---|---|---|
| 44 | 2000 | 1 | Lögfræðingur | Forstöðumaður |
| 21 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Ótilgreint |
| 22 | 2000 | 1 | Ótilgreint | Ótilgreint |
| 33 | 2000 | 1 | B.A. Stjórnmálafræðingur | Verkefnisstjóri |
| 35 | 1999 | 2 | MPA Stjórnsýslufræðingur | Verkefnisstjóri |
| 32 | 1999 | 2 | M.Sc. Stjórnsýslufræðingur | Evrópufulltrúi |
| 40 | 1999 | 2 | B.Sc Tæknifræðingur | Verkefnisstjóri |
| 32 | 1999 | 2 | M.Sc. Vélaverkfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 32 | 1999 | 2 | MBA Rekstrahagfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 46 | 1999 | 2 | B.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| 39 | 1999 | 2 | Ótilgreint | Verkefnisstjóri |
| 35 | 1999 | 2 | B.Sc. Stjórnfræðingur | Ráðgjafi |
| 36 | 1999 | 2 | M.Sc. Eðlis- og verkfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 39 | 1999 | 2 | B.BA Rekstrar- og markaðsfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 39 | 1998 | 3 | Ph.D. Efnisfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 31 | 1998 | 3 | Ótilgreint | Rannsóknarmaður |
| 35 | 1998 | 3 | C.Sc. Vélaverkfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 35 | 1998 | 3 | M.Sc. Líf- og fisksjúkdómafræðingur | Verkefnisstjóri |
| 47 | 1997 | 4 | Ótilgreint | Kerfisfræðingur |
| 39 | 1997 | 4 | MBA Markaðs- og viðskiptafræðingur | Markaðsstjóri |
| 32 | 1997 | 4 | B.Sc. Efnafræðingur | Ótilgreint |
| 27 | 1997 | 4 | B.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| 36 | 1997 | 4 | Ótilgreint | Vélfræðingur |
| 40 | 1997 | 4 | B.Sc. Líffræðingur | Ótilgreint |
| 42 | 1996 | 5 | MBA Rekstrarhagfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 45 | 1995 | 6 | B.Sc. Efnafræðingur | Ótilgreint |
| 35 | 1995 | 6 | Ótilgreint | Rannsóknarmaður |
| 53 | 1995 | 6 | M.Sc. Frumkvöðlafræðingur | Forstöðumaður |
| 59 | 1994 | 7 | Dipl.Ing Matvælafræðingur | Verkefnisstjóri |
| 38 | 1994 | 7 | Ph.d. Eðlisefnafræðingur | Forstöðumaður |
| 43 | 1993 | 8 | Ph.D. Matvælaverkfræðingur | Ótilgreint |
| 49 | 1992 | 9 | Ph.D. Matvælaverkfræðingur | Forstöðumaður |
| 40 | 1990 | 11 | M.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| 52 | 1990 | 11 | Kennari | Verkefnisstjóri |
| 47 | 1990 | 11 | Fjölmiðlafræðingur | Deildarsérfræðingur |
| 45 | 1990 | 11 | Tækniteiknari | Fulltrúi |
| 40 | 1989 | 12 | M.Sc. Vélaverkfræðingur | Forstöðumaður |
| 48 | 1989 | 12 | cand.sivil Jarðvegslíffræðingur | Ótilgreint |
| 47 | 1988 | 13 | fil. Kand | Verkefnisstjóri |
| 54 | 1988 | 13 | Ótilgreint | Ótilgreint |
| 38 | 1987 | 14 | B.Sc. Prentfræðingur | Ótilgreint |
| 45 | 1986 | 15 | M.Sc. Hagfræðingur | Framkvæmdastjóri |
| 54 | 1985 | 16 | Ótilgreint | Aðalbókari |
| 41 | 1985 | 16 | Ótilgreint | Ótilgreint |
| 46 | 1984 | 17 | B.Sc. Mannvirkja- og burðarþolsverkfr. | Verkefnisstjóri |
| 65 | 1984 | 17 | Ótilgreint | Símavarsla |
| 43 | 1984 | 17 | M.Sc. Efnaverkfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 43 | 1984 | 17 | Vélafræðingur | Ótilgreint |
| 62 | 1984 | 17 | B.A. Málfræðingur | Forstöðumaður |
| 66 | 1983 | 18 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 52 | 1983 | 18 | Ótilgreint | Trétæknir |
| 55 | 1983 | 18 | Bókasafns- og upplýsingafræðingur | Bókasafnsfræðingur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 50 | 1983 | 18 | Ph.D. Efnaverkfræðingur | Verkefnisstjóri |
| 55 | 1983 | 18 | M.Sc. Matvælaverkfræðingur | Ótilgreint |
| 68 | 1981 | 20 | Ótilgreint | Rannsóknamaður |
| 48 | 1980 | 21 | M.Sc. Verkfræðingur | Forstjóri |
| 65 | 1979 | 22 | Ótilgreint | Húsvörður |
| 67 | 1973 | 27 | Vélfræðingur | Ótilgreint |
| 51 | 1971 | 30 | Ótilgreint | Skrifstofustjóri |
| 61 | 1970 | 31 | B.Sc. Efnaverkfræðingur | Ótilgreint |
| 67 | 1963 | 37 | Dipl. Chem. Efnaverkfræðingur | Ótilgreint |
| Aðrir | | | | |
| ótilgreint | ótilgreint | | B.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | B.Sc. Jarðfræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | Ótilgreint | Fulltrúi |
| ótilgreint | ótilgreint | | M.Sc. Efnaverkfræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | B.A. | Verkefnisstjóri |
| ótilgreint | ótilgreint | | M.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | Kjötiðnaðarmeistari | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | M.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | Kjötiðnaðarmeistari | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | B.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | B.Sc. Matvælafræðingur | Ótilgreint |
| ótilgreint | ótilgreint | | Ótilgreint | Upplýsingafulltrúi |

| Meðalaldur | Meðalstarfsaldur |
|---|---|
| 45 | 10 |

Iðntæknistofnun eftir menntun, fjöldi starfsmanna 72.



| | Löggildingarstofa | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Aldur | Starfsaldur | Menntun | Staða |
| | 44 | 3 | Ótilgreint | Forstjóri |
| | 39 | 9 | Ótilgreint | Aðstoðarforstjóri |
| | 48 | 12 | Ótilgreint | Skrifstofustjóri |
| | 43 | 1 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 55 | 11 | Ótilgreint | Bókhald |
| | 62 | 6 | Ótilgreint | Ritari |
| | 50 | 2 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| | 48 | 3 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 34 | 3 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 56 | 9 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 52 | 1 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 60 | 3 | Ótilgreint | Tæknimaður |
| | 65 | 35 | Ótilgreint | Yfireftirlitsmaður |
| | 52 | 13 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 41 | 12 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 40 | 3 | Ótilgreint | Deildarverkfræðingur |
| | 38 | 3 | Ótilgreint | Deildartæknifræðingur |
| | 46 | 1 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 69 | 32 | Ótilgreint | Yfireftirlitsmaður |
| Meðaltal: | 49,6 | 8,5 | | |

## Orkustofnun

| Aldur | Hóf störf | Menntun | Staða |
|---|---|---|---|
| 68 | 1981 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 50 | 1994 | Ótilgreint | Matreiðslumaður |
| 35 | 1997 | B.Sc. tæknifræðingur | Tæknifræðingur |
| 48 | 1974 | Ótilgreint | Kortagerðarmaður |
| 27 | 1998 | M.Sc. Jarðeðlisfræði | Ótilgreint |
| 50 | 1970 | M.Sc. Jarðfræðingur | Yfirnáttúrufræðingur |
| 47 | 1978 | Ph.D. Verkfræði | Deildarverkfræðingur |
| 45 | 1982 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| 56 | 1969 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| 62 | 1969 | Ótilgreint | Kerfisfræðingur |
| 48 | 1975 | B.Sc. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 52 | 1975 | M.Sc. Eðlisfræði | Deildarverkfræðingur |
| 53 | 1970 | M.Sc. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| 48 | 1979 | B.Sc. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 54 | 1991 | Ótilgreint | Ræstingamaður |
| 46 | 1979 | B.Sc. Verkfræði | Deildarsérfræðingur |
| 69 | 1985 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| 66 | 1954 | Ótilgreint | Kortagerðarmaður |
| 65 | 1975 | B.Sc. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 68 | 1976 | B.A. Ótilgreint | Deildarstjóri |
| 51 | 1984 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 31 | 1992 | M.Sc. Verkfræði | Deildarsérfræðingur |
| 58 | 1975 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| 39 | 1960 | M.Sc. Jarðeðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 53 | 1972 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 49 | 1978 | Ph.D. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 71 | 1955 | Ph.D. Ótilgreint | Forstöðumaður |
| 64 | 1967 | Ótilgreint | Kerfisfræðingur |
| 44 | 1983 | Ph.D. Jarðeðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 47 | 1974 | Ótilgreint | Deildarstjóri/starfsmannastjóri |
| 49 | 1974 | Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| 50 | 1981 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| 43 | 1956 | Ótilgreint | Kortateiknari/fulltrúi |
| 51 | 1985 | B.Sc. Jarðefnafræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 70 | 1957 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| 57 | 1979 | Ph.D. Efnafræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 52 | 1975 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| 67 | 1957 | B.Sc. Ótilgreint | Forstöðumaður |
| 31 | 1997 | B.Sc. Ótilgreint | Ritari |
| 28 | 1997 | B.Sc. Landafræði | Ótilgreint |
| 66 | 1976 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| 44 | 1982 | M.Sc. Jarðeðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 56 | 1986 | Ótilgreint | Rekstrarstjóri |
| 50 | 1978 | Ph.D. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 52 | 1976 | M.Sc. Eðlisfræði | Deildarverkfræðingur |
| 52 | 1977 | Ph.D. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 42 | 1983 | Ph.D. Jarðeðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| 55 | 1972 | (Ph.D.) Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| 67 | 1994 | Ótilgreint | Ræstingamaður |
| 66 | 1980 | Ótilgreint | Bókavörður/fulltrúi |
| 36 | 1997 | M. Ótilgreint | Ótilgreint |
| 50 | 1976 | (Ph.D.) Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 53 | 1973 | Ph.D. Ótilgreint | Forstöðumaður |
| | 49 | 1975 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| | 49 | 1981 | Ph.D. Efnafræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 53 | 1974 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 47 | 1979 | M.Sc. Eðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 22 | 1997 | Rafeindavirki | Ótilgreint |
| | 47 | 1982 | Ph.D. Eðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 51 | 1978 | B.Sc. Vatnafræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 43 | 1998 | Ph.D. Jarðeðlisfræði | Ótilgreint |
| | 54 | 1981 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 63 | 1966 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 50 | 1975 | M.Sc. Eðlisfræði | Deildarsérfræðingur |
| | 47 | 1982 | M.Sc. Jarðfræðingur | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 36 | 1993 | M.Sc. Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 44 | 1995 | Ótilgreint | Matreiðslumaður |
| | 54 | 1970 | M.Sc. Jöklafræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 48 | 1979 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| | 52 | 1975 | M.Sc. Ótilgreint | Deildarverkfræðingur |
| | 46 | 1977 | Ph.D. Verkfræði | Deildarsérfræðingur |
| | 35 | 1995 | B.Sc. Verkfræði | Deildarsérfræðingur |
| | 59 | 1986 | B.Sc. Ótilgreint | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 45 | 1993 | Ph.D. Eðlisfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 53 | 1974 | M.Sc. Verkfræði | Deildarverkfræðingur |
| | 45 | 1994 | Ótilgreint | Skrifstofumaður |
| | 37 | 1996 | B.Sc. Jarðfræði | Ótilgreint |
| | 36 | 1990 | M.Sc. Verkfræði | Deildarverkfræðingur |
| | 35 | 1997 | Ph.D. Ótilgreint | Ótilgreint |
| | 50 | 1976 | (Ph.D.) Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 50 | 1973 | B.Sc. Jarðfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 48 | 1997 | Ph.D. Jarðeðlisfræði | Ótilgreint |
| | 32 | 1996 | M.Sc. Jarðeðlisfræði | Ótilgreint |
| | 62 | 1963 | B.Sc. Landfræði | Yfirnáttúrufræðingur |
| | 63 | Ótilgreint | Jarðeðlisfræðingur | Ótilgreint |
| | 69 | 1959 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 57 | 1987 | Ótilgreint | Skrifstofumaður |
| | 55 | 1974 | B.Sc. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| | 47 | 1974 | Ótilgreint | Kortagerðarmaður |
| | 60 | 1973 | Ph.D. Ótilgreint | Yfirverkfræðingur |
| | 44 | 1997 | M.Sc. Jarðfræðingur | Ótilgreint |
| | 51 | 1970 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | Ótilgreint | Ótilgreint | Ótilgreint | Orkumálastjóri |
| | 54 | 1974 | Ótilgreint | Húsvörður |
| | 42 | 1996 | B.Sc. Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 41 | 1979 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 72 | 1980 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 50 | 1975 | Jarðfræðingur | Yfirnáttúrufræðingur |
| Fjöldi starfsm: | | 96 | | |
| Meðalaldur: | 50 | | | |
| Meðalstarfsaldur: | | 21 | | |

Orkustofnun eftir menntun, fjöldi starfsmanna 96.



| Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Aldur | Starfsaldur | Menntun | Staða | Svið |
| | 50 | 3 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Jarðfræðideild |
| | 58 | 2 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Vegtæknideild |
| | 54 | 8 | Verkfræðingur | Deildarstjóri | Kostnaðargreining |
| | 61 | 2 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Vegtæknideild |
| | 54 | 8 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Húsbyggingadeild |
| | 50 | 8 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 38 | 9 | Ótilgreint | Skrifstofumaður | Yfirstjórn |
| | 42 | 12 | Jarðfræðingur | Deildarstjóri | Jarðfræðideild |
| | 68 | 11 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Húsbyggingadeild |
| | 43 | 8 | Jarðfræðingur | Sérfræðingur | Jarðfræðideild |
| | 45 | 2 | Jarðfræðingur | Deildarstjóri | Tölvudeild |
| | 43 | 9 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Steinsteypudeild |
| | 61 | 6 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Rannsóknastofa |
| | 43 | 9 | Tæknifræðingur | Sérfræðingur | Jarðtæknideild |
| | 48 | 8 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Yfirstjórn |
| | 43 | 7 | Tæknifræðingur | Deildarstjóri | Rannsóknastofa |
| | 59 | 8 | Ótilgreint | Forstjóri | Yfirstjórn |
| | 48 | 7 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Steinsteypudeild |
| | 43 | 8 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 71 | 2 | Ótilgreint | Fulltrúi | Útgáfudeild |
| | 27 | 11 | Tæknifræðingur | Sérfræðingur | Steinsteypudeild |
| | 62 | 10 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Steinsteypudeild |
| | 55 | 6 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 31 | 10 | Ótilgreint | Skrifstofumaður | Yfirstjórn |
| | 72 | 7 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Steinsteypudeild |
| | 48 | 3 | Jarðfræðingur | Sérfræðingur | Ótilgreint |
| | 56 | 6 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Jarðtæknideild |
| | 42 | 8 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 42 | 8 | Verkfræðingur | Deildarstjóri | Steinsteypudeild |
| | 50 | 8 | Arkitekt | Deildarstjóri | Útgáfudeild |
| | 46 | 4 | Jarðfræðingur | Sérfræðingur | Vegtæknideild |
| | 32 | 8 | Efnaverkfræðingur | Deildarstjóri | Lagnadeild |
| | 55 | 7 | Efnaverkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 50 | 7 | Ótilgreint | Fulltrúi | Yfirstjórn |
| | 48 | 8 | Verkfræðingur | Sérfræðingur | Húsbyggingadeild |
| | 60 | 7 | Bókasafnsfræðingur | Sérfræðingur | Bókasafn |
| | 55 | 1 | Ótilgreint | Rannsóknamaður | Steinsteypudeild |
| | 55 | 3 | Ótilgreint | Tæknimaður | Rannsóknastofa |
| | 46 | 8 | Verkfræðingur | Deildarstjóri | Vegtæknideild |
| Fjöldi starfsm: | 39 | | | | |
| Meðalaldur: | 50 | | | | |
| Meðalstarfsaldur: | | 7 | | | |

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins eftir menntun, fjöldi starfsmanna 39.



| Samkeppnisstofnun | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **Aldur** | **Starfsaldur** | **Menntun** | **Staða** |
| | 45 | 1992 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| | 69 | 1981 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 37 | 1995 | Ótilgreint | Yfirlögfræðingur |
| | 60 | 1987 | Ótilgreint | Skrifstofumaður |
| | 34 | 1992 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 65 | 1985 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 55 | 1975 | Ótilgreint | Forstjóri |
| | 48 | 1999 | Ótilgreint | Yfirhagfræðingur |
| | 54 | 1980 | Ótilgreint | Forstöðumaður |
| | 54 | 1975 | Ótilgreint | Staðg. Forstjóra |
| | 30 | 1997 | Ótilgreint | Sérfræðingur |
| | 33 | 1994 | Ótilgreint | Tölvuvinnsla |
| | 30 | 1995 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 58 | 1982 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 48 | 1990 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 58 | 1975 | Ótilgreint | Tölvunarfræðingur |
| | 49 | 1991 | Ótilgreint | Deildarsérfræðingur |
| | 56 | 1983 | Ótilgreint | Deildarstjóri |
| | 30 | 1999 | Ótilgreint | Deildarviðskiptafræðingur |
| | 66 | 1983 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| | 49 | 1986 | Ótilgreint | Deildarhagfræðingur |
| | 66 | 1967 | Ótilgreint | Fulltrúi |
| Fjöldi starfsm: | 22 | | | |
| Meðalaldur: | 50 | | | |
| Meðalstarfsaldur: | | 14 | | |

## Viðauki D
## Um notkun hugtaka og orða

Skjalarýni er beitt við gagna- og upplýsingasöfnun vegna kostnaðargreiningar og starfsmannaþátta verksamnings.

Athuganir fara fram á umhverfi og aðstæðum og gefa vísbendingar um hvernig megi móta verkferlið frekar til að uppfylla tilgang þess.

Spurningalistar eru ekki taldir viðeigandi fyrir verkefnið að öðru leyti en sem innlegg í samtöl ráðgjafa og starfsmanna.

Úthýsing er íslensk þýðing á enska orðinu „outsourcing“ og merkir að fyrirtæki eða stofnun hefur samið við aðra eða afhent öðrum verkefni til lausnar.

Framboð verkefna eftir deildum og stofnunum, þ.e. hvort af nógu er að taka fyrir tiltekna einingu.

Eftirspurn eftir þjónustu deildar óháð því hvort deild eða stofnun sinni rannsóknarverkefnum að eigin frumkvæði.